



Hlaupið í Hafnarfirði Fjöldi fólks tók þátt í hlaupi FH og Atlantsolíu í Hafnarfirði í gær. Hlaupið var frá Strandgötu, norður meðfram sjó og aftur til baka. Samtals var hlaupið fimm kílómetrar. Var það annað hlaupið í þriggja hlaupa seríu. Fljótustu þrjú hlaupararnir í karla- og kvennaflokki fá verðlaun en verðlaunaafhending fyrir seríuna fer fram í Kaplakrika í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÖR

Vanhæfismál kostar tugmilljónir króna

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í Marple-málinu var ómerktur í Hæstarétti í gær vegna vanhæfis meðdómara í málinu. Lögmenn sem Fréttablaðið ræddi við telja kostnað við ómerkinguna hlaupa á tugum milljóna. Verjandi eins sakborningsins fagnar niðurstöðunni.

DÓMSMÁL Hæstiréttur ómerkti í gær dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í október 2015 í Marple-málinu svokallaða. Var dómurinn ómerktur vegna vanhæfis sérhæfðs meðdómara í málinu, Ásgeirs Brynjar Torfasonar.

Aðalmeðferð málsins þarf því að fara fram á ný í héraðsdómi. Lögmönnum sem Fréttablaðið ræddi við bar saman um að lögmanna-kostnaður vegna þess gæti hlaupið á tugum milljóna króna.

„Það er ljóst að það þýðir bæði kostnað fyrir dómskerfið og þá sem

að því koma. En það er auðvitað ekki einsdæmi að dómur sé ómerktur og mál séu endurflutt. Það er náttúrulega þekkt að það gerist og er sá möguleiki hluti af málsmeðferðinni,” segir Skúli Magnússon, formaður Dómarafélags Íslands.

Kristín Edwald, verjandi Magnúsar Guðmundssonar sem er einn sakborninga í Marple-málinu, tekur í sama streng. „Það segir sig sjálfst að það verður talsverður kostnaður við að fara í gegnum þetta allt aftur,” segir hún.

Verjendur í málinu áfrýjuðu dómi héraðsdóms til Hæstaréttar og töldu Ásgeir Brynjar vanhæfan, meðal annars vegna setu hans í stjórn félagsins Gagnsæis sem berst gegn spillingu, vegna ummæla sem hann lét falla í grein í Fréttablaðinu og vegna deilinga á samfélagsmiðlum Facebook og Twitter.

Ásgeir Brynjar vildi ekki tjá sig um dóminn þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

Kristín segist fagna niðurstöðu Hæstaréttar. „En að sama skapi er

Það segir sig sjálfst að það verður talsverður kostnaður við að fara í gegnum þetta allt aftur.

Kristín Edwald, verjandi Magnúsar Guðmundssonar, eins sakborninga í Marple-málinu



Hæstiréttur að staðfesta að það hafi verið brotið á rétti umbjóðanda míns til réttlátrar málsmeðferðar sem er vernduð bæði af stjórnarskránni og mannréttindasáttmála Evrópu.

Auðvitað er þetta áfellisdómur yfir héraðsdómi en á móti kemur að þarna stigur Hæstiréttur fast niður og er afdráttarlaus um að meðdómandi í þessu tilviki hafi verið vanhæfur. Ég held að niðurstaða Hæstaréttar ætti frekar að auka trú á dómskerfinu heldur en hitt,” segir Kristín. – þea

Hlutur kvenna í bíómyndum rýr

SAMFÉLAG Kvikmyndir eftir karla eru í miklum meirihluta þeirra kvikmynda sem sýndar eru á Íslandi.

Í rannsókn sem náði til allra kvikmynda í íslenskum, dönskum og sænskum kvikmyndahúsum árið 2016 er kynjahlutfallið verst á Íslandi. – kbg / sjá síðu 4

GusGus að dúett

LÍFIÐ Daníel Ágúst Haraldsson og Birgir Þórarinnsson eru einir eftir í hljómsveitinni GusGus. Ný plata með sveitinni kemur út í september.

„Við höfum túrað í þessu formi erlendis og svona mun hljómsveitin GusGus birtast á næstu plötu,” segir Birgir. – gh / sjá síðu 38

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Ari Trausti Guðmundsson skrifar um röng skilaboð Bjarna Ben. 12

SPORT Möguleiki á Hafnarfjarðarslag í úrslitum. 16

LÍFIÐ Kendall Jenner er drottning götutískunnar. 36

PLÚS 2 SÉR-BLÖÐ
● FÓLK
● HEILSA
OG
● FEGURÐ

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



15% afsláttur + 3% í formi punkta

af Hella þurrkublöðum og N1 tjóruhreinsi fyrir N1 korthafa í febrúar



Sæktu um N1 kortið á n1.is



Veður



Vaxandi suðaustanátt með morgninum, fyrst suðvestan til, víða stormur eða rok síðdegis. Snjókoma eða slydda og síðan rigning. Talsverð eða mikil rigning um tíma suðaustanlands seint í dag. Hlýnar í veðri. **SJÁ SÍÐU 24**



United Silicon. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rýnt í bréf í verksmiðju

UMHVERFISMAÐ „Við fáum þetta bréf í hádeginu í dag. Við þurfum að svara því fyrir 7. mars og það er hreinlega ekki búið að taka neina ákvörðun um hvernig því verður svarað,“ segir Kristleifur Andrésson, stjórnandi öryggis- og umhverfismála hjá United Silicon.

Kristleifur visar þar til bréfs frá Umhverfisstofnun vegna kísilverksmiðju United Silicon í Helguvík.


Í bréfinu segir að Umhverfisstofnun áformi að láta fram fara verkfræðilega úttekt á hönnun og rekstri verksmiðjunnar. Í úttektinni er gert ráð fyrir að orsök og upptök lyktar og mengunar frá verksmiðjunni verði athuguð nánar og úrbætur lagðar fram hvað varðar mengunarbúnað og rekstur.

Stofnunin áformar að þar til úttekt hefur farið fram verði rekstur verksmiðjunnar takmarkaður við einn ljósbogaofn. Hugsanlegt sé að stöðva þurfi rekstur tímabundið til að framkvæma nauðsynlegar úrbætur.

Kristleifur segir einn ljósbogaofn vera í notkun í verksmiðjunni. Þá eigi fyrirtækið eftir að rýna betur í bréfið. Hann segist ekki viss um hvað felist í umræddri takmörkun.

„Við ætlum að funda um bréfið á morgun og rýna um hvað málið snýst og hvaða svör við getum haft fyrir Umhverfisstofnun.“ – þea

Uppboð gegn ofbeldi



UN Women á Íslandi buðu upp þrjár Fokk ofbeldi húfur í Kringlunni í gær. Húfurnar voru hannaðar af Ernu Einarsdóttur, yfirhönnuði Geysis, Hildi Yeoman fatahönnuði og myndlistarkonunni Elinu Hansdóttur. Aðeins eitt eintak var gert af hverri húfu og var uppboðið haldið í samstarfi við Vodafone. Þorsteinn Guðmundsson, leikari og uppistandari, stýrði uppboðinu. Friðrik Dór söng fyrir gesti og gangandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Innflytjendur hæfilega margir

SAMFÉLAG 45 prósent landsmanna telja hæfilegum fjölda flóttafólks veitt hæli hér á landi. Fjórðungur telur of marga fá hæli. Þetta eru niðurstaðar nýrrar könnunar MMR.

Tæplega 31 prósent taldi að of fáum væri veitt hér hæli.

Yngra fólk var líklegra til að telja að of fáum væri veitt hæli hér á landi og sömu sögu er að segja af langskólagengnum.

Rúmlega helmingur stuðningsmanna Pirata taldi að of fáum væri veitt hæli hér á landi en hlutfallið var lægst hjá Framsóknar- og Sjálfstæðismönnum eða tæp tíu prósent hjá hvorum flokki.

Könnun MMR var gerð dagana 10. til 15. febrúar og var heildarfjöldi svarenda 908 einstaklingar. – jõe

» Fjórðungur Íslendinga telur of marga fá hæli í landinu.

Farþegar æptu og ældu í martröð í Manchester

Flugstjóri farþegaþotu Icelandair lýsti yfir neyðarástandi til að fá forgang í lendingu í Manchester í gær. Hann var búinn að reyna að lenda bæði í Manchester og Liverpool. Farþegi segir konu hafa misst meðvitund í gríðarlegum hristingi.

FLUGSAMGÖNGUR „Það voru sumir sem þurftu að fara út úr vélinni í hjólastól því þeir gátu ekki gengið. Einhverjum farþegum var boðið upp á áfallahjál. Það var einn sem sat nálægt mér sem var búinn að æla yfir sig allan og ein kona stutt frá mér sem var búin að missa meðvitund,“ segir Guðrún Gísladóttir. Hún var farþegi með vél Icelandair sem lenti í miklum vandræðum vegna veðurs í Bretlandi í gær.

Farþegaþotan átti að lenda á flugvelli í Manchester en varð frá að hverfa vegna veðurhamsins. Stormurinn Doris reið yfir Bretland og náðu vindhviður allt að 44 metrum á sekúndu.

Vélin setti stefnuna á Liverpool en þar var ástandið ekkert betra að sögn Guðjóns Arngrímssonar, upplýsingafulltrúa Icelandair, og sneri því vélin aftur til Manchester og lenti þar.

Flugstjóri vélarinnar lýsti yfir neyðarástandi vegna eldsneytis til að fá forgang í lendingu. „Það var farið að ganga á eldsneytið eftir þennan biðtíma,“ segir Guðjón.

„Korteri áður en við áttum að lenda í fyrsta skiptið var tilkynnt um ókyrrð í lofti. Dekkin voru komin niður en skyndilega var vélinni kippt upp aftur. Þegar við vorum yfir ári í Liverpool leit ég út um gluggann og fann að vélin var nánast á hlið. Það voru allir óskrandi og ælandi þetta var bara alveg hræðilegt.“

Flugfreyjurnar tilkynntu svo að það væri ekki hægt að svara neinum spurningum því flugmennirnir væru í símanum að tala við flugumferðarstjóra,“ segir Guðrún enn í töluverðu áfalli.



Flugvél Icelandair siglir hér lygnari sjó en var yfir Englandi í gær. MYND/ICELANDAIR

Flugstjórinn hreinlega negldi vélinni niður á brautina. Hún hristist allan tímann og maður fann hvernig beltið togaði í mann.

Guðrún Gísladóttir



„Allt í einu tók ég eftir á skjánum fyrir framan mig að við áttum að lenda í Manchester eftir fjórar mínútur og flugstjórinn hreinlega negldi vélinni niður á brautina. Hún hristist allan tímann og maður fann hvernig beltið togaði í mann.“

En flugstjórarnir eiga mikið hrós skilið að koma okkur niður á jörðina því ég hélt í alvörunni að þetta væri mitt síðasta. Að ná þessu svona var glæsilegt,“ segir Guðrún.

„Þarna var mikil ókyrrð í lofti og eðlilegt að fólk fái ónotatilfinningu svo ekki sé meira sagt,“ segir Guðjón Arngrímsson.

benediktboas@365.is



LÍNAN

BÆJARLIND 16 | 201 KÓPAVOGUR | SÍMI 553 7100 | LINAN.IS
ÓPIÐ MÁN TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 | LAUGARDAGA 11 - 16

Nýr Q5 Frumsýndur


Laugardaginn 25. febrúar sviptum við hulunni af nýjum Audi Q5. Hvort sem um ræðir þægindi, stíl eða aksturseiginleika, fellur þú fyrir Q5 á augnabliki. Láttu ekki hendingu ráða. Tilkomumikið útlit, framsækin tækni og kraftur. Komdu á frumsýningu milli 12-16.

Ný veröld á hverjum degi
– með Audi Q5.



HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is

5 ára
ábyrgð



Á Snæfellsjökli. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bölvun að lifa áhugaverða tíma

UMHVERFISMÁL Sporðamælingar sem gerðar voru á 32 stöðum í fyrrahaust sýna að jöklar eru að hropa á nitján stöðum en ganga fram á fjórum. Þetta kemur fram í pistli Bergs Einarssonar í nýjasta fréttabréfi Jöklarannsóknarfélags Íslands.

Bergur segir ljóst að verði afkoma jökla neikvæð árum saman, líkt og hafi verið að undanskildum árunum 2014 og 2015, þá minnki jöklar og sporðar þeirra hverfi.

„Vert er að hafa í huga að þessar breytingar eru því miður á ábyrgð okkar mannfólksins og það er líklega frekar bölvun en blessun að lifa á áhugaverðum tímum,“ skrifar Bergur. – gar

Bætur kostuðu 600 milljónir

VINNUMARKAÐUR Nýlokið verkfall sjómanna kostaði atvinnuleysisstryggingasjóð á bilinu 550 til 600 milljónir króna. Hrafnisskortur í fiskvinnslu meðan á verkfallinu stóð er meginskýring þessarar upphæðar.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnu-málastofnunar, segir greiðslur úr atvinnuleysisstryggingasjóði vera ákvarðaðar í fjárlögum hvers árs þó sjóðurinn standi ágætlega.

„Við erum að taka saman kostnaðinn. Vonandi rúmast þessi fjárútlát innan fjárhagsramma ársins en við gerum okkur vonir um að þurfa ekki á aukafjárveitingu að halda vegna verkfalls sjómanna. Það ræðst hins vegar af því hvort atvinnuleysi haldist enn lágt,“ segir Gissur.

Samkvæmt Hagstofunni var atvinnuleysi í janúar 4,1 prósent af vinnuafli og jókst um 1.400 manns frá áætluðum fjölda atvinnulausra í desember. – sa



Gissur Pétursson, forstjóri Vinnu-málastofnunar

Mjög mikið hallar á konur í íslenskum kvikmyndahúsum

93 prósent kvikmynda í íslenskum kvikmyndahúsum árið 2016 var leikstýrt af körlum. Þetta kemur fram í ný- birtri rannsókn Kvenréttindafélags Íslands og Stockholms feministiska filmfestival.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



SAMFÉLAG Kvikmyndir eftir karla eru í miklum meirihluta þeirra kvikmynda sem teknar eru til sýninga á Íslandi. Í rannsókn Kvenréttindafélags Íslands og Stockholms feministiska filmfestival sem náði til allra kvikmynda sem teknar voru til sýningar í íslenskum, dönskum og sænskum kvikmyndahúsum árið 2016 er kynjahlutfallið verst á Íslandi.

93 prósent kvikmynda sem voru teknar til sýninga í íslenskum kvikmyndahúsum árið 2016 var leikstýrt af körlum. Rannsóknin á Íslandi náði líka til dagskrár RÚV. Hlutfallið var hið sama samkvæmt rannsókninni, 93 prósent kvikmynda sem sýndar voru á RÚV 2016 var leikstýrt af körlum.

Niðurstöðurnar sýna að nánast allar sögur sem við horfum á á hvíta tjaldinu eru eftir karla. Kvikmyndir eiga að spegla ólíka reynsluheima og það að fólk kynnist aðeins sögum karla gefur mjög skakka mynd af samfélaginu. Stóra verkefni kvikmyndaíðnaðarins eins og hann leggur sig er að minnka þetta kynjabil, við getum ekki haft þetta svona lengur,“ segir Friða Rós Valdímarsdóttir, formaður Kvenréttindafélags Íslands, sem greinir frá niðurstöðum rannsóknarinnar.

Í dag býður Kvenréttindafélag Íslands, WIFT á Íslandi, Stockholms feministiska filmfestival ásamt Stockfish Film Festival til samræðna í Bíói Paradís um kynjabilið í kvikmyndaíðnaðinum undir yfirskriftinni „Hvað er svona merkilegt við það? Kynjabilið á hvíta tjaldinu“.

Dögg Mósesdóttir, formaður WIFT á Íslandi, segir niðurstöðurnar sláandi.

„Þetta kom mér mjög á óvart, ég hélt þetta væri ekki svona rosalega slæmt. Þetta er samt staðan í heim-




Friða Rós Valdímarsdóttir, formaður Kvenréttindafélags Íslands, segir miður að reynsluheimur kvenna sé ekki meira til umfjöllunar í íslenskum kvikmyndahúsum. Boðað er til samræðu um kynjabilið á hvíta tjaldinu í Bíó Paradís í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Um rannsóknina

Rannsóknin var unnin sem hluti af verkefninu „Óka jámstáldhættin inom filmbranschen i Norden“, í samvinnu Stockholms feministiska filmfestival, Kvinderådet i Danmark og Kvenréttindafélags Íslands.

ÍSLAND



Karlar voru **84%** handritshöfunda
Karlar voru **75%** framleiðenda
Karlar voru **71%** aðalsöguhetja

Aðeins **4,5%** kvikmynda sýndra í íslenskum kvikmyndahúsum 2016 var bæði leikstýrt af konu og höfðu konu í aðalhlutverki


DANMÖRK



Karlar voru **84%** handritshöfunda
Karlar voru **74%** framleiðenda
Karlar voru **69%** aðalsöguhetja

Aðeins **6%** kvikmynda sýndra í dönskum kvikmyndahúsum 2015 var bæði leikstýrt af konu og höfðu konu í aðalhlutverki

SVÍPJÓÐ



Karlar voru **74%** handritshöfunda
Karlar voru **69%** framleiðenda

90% heimsókna í kvikmyndahúsum var á kvikmyndir sem leikstýrt var af körlum (aðsókn)

inum í dag þó að í Svíþjóð hafi hlutfallið verið skárra. Leiðin út úr þessu er aukin meðvitund og umræður. Bíóhúsin þurfa að setja upp kynjagleraugun. Það er ábati af því fyrir alla. Myndir eftir og um konur hafa til dæmis verið söluhæstar í Bandaríkjunum í ár. Þar er að aukast meðvitund með göðum árangri,“ segir Dögg. Mikilvægt sé að gefa konum

tækifæri til inngöngu í iðnaðinn.

„Ég veit að stóru myndverin í Bandaríkjunum eru að þjálfa konur upp. Þar af er ein íslensk kona, Tóta Lee, sem fær þjálfun til þess að leikstýra risastórum kvikmyndum.“

Dögg segir jákvæð teikn á lofti og vonast til þess að niðurstöður á næsta ári verði betri konum í vil. Þáttaröðin Fangar sem sýnd var á

RÚV þykir henni hafa verið til fyrirmyndar og nýjar reglur hjá Kvikmyndasjóði lofi góðu.

„Konur eru að gera fullt af myndum og nú verður unnið eftir nýju kvikmyndasamkomulagi hjá Kvikmyndasjóði um að það eigi að taka tillit til kynjabilans við mat á umsóknum,“ segir Dögg.



Fyrir þig í Lyfju

Otrivin

Andaðu með nefinu

- Loft innan fárra mínútna
- Ilmur af mentól og eukalyptus

15% afsláttur*



*Afsláttur af öllum Otrivin tegundum. Gildir út febrúar 2017.

Otrivin/Otrivin Junior/Otrivin Comp/Otrivin Menthol nefúði, lausn. Inniheldur Xylómetazolínhydróklóríð. Bólgur og aukin slímmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.



Innovation
that excites

MEISTARAR MÁNAÐARINS

Í TILFNI AF MEISTARAMÁNUÐI BJÓÐUM VIÐ EFTIRTALDA BÍLA MEÐ
VEGLEGUM KAUPAUKUM OG Á FRÁBÆRUM KJÖRUM Í FEBRÚAR.
BÍLAR TIL AFGREIÐSLU STRAX.



RÚMGÓÐUR OG SPARNEYTINN SPORTJEPPI, FÁANLEGUR 7 SÆTA

NISSAN X-TRAIL ACENTA

Framhjóladrifinn, dísil, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun 5,1 l/100 km*

Verð aðeins: 4.890.000 kr.

Kaupuki í febrúar ▶ 390.000 kr.



EINN TÆKNILEGASTI BÍLLINN Í SÍNUM FLOKKI

NISSAN PULSAR ACENTA

Framhjóladrifinn, bensín, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun 5,1 l/100 km*

Verð aðeins: 3.390.000 kr.

Kaupuki í febrúar ▶ 270.000 kr.



EIN BESTU KAUPIN Í FLOKKI SMÁBÍLA

NISSAN MICRA ACENTA

Framhjóladrifinn, bensín, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun 5,4 l/100 km*

Verð aðeins: 2.190.000 kr.

Kaupuki í febrúar ▶ 250.000 kr.



190 HESTÖFL OG HLAÐINN STAÐALBÚNAÐI

NISSAN JUKE ACENTA+

Fjór hjóladrifinn, bensín, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun 6,5 l/100 km*

Verð aðeins: 4.290.000 kr.

Kaupuki í febrúar ▶ 350.000 kr.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Óvenjumikil veiði og friður fyrir hval

Íslenskir og norskir loðnuskipstjórar eru sammála um að ekki hafi sést meiri loðna á miðunum um langt árabil. Veiðin sé ævintýrleg. Friður er fyrir hval, öfugt við síðustu vertíðir og bendir til að víða sé loðna. Veður setur strik í reikninginn næstu daga.

SJÁVARÚTVEGUR „Maður hefur kannski einu sinni áður á áratuglangri starfsævi fengið eitt kast sem var ellefu hundruð tonn, eða eitthvað slíkt. Núna eru fleiri, fleiri bátar að rykkja þessu upp sama daginn,“ segir Ólafur Einarsson, skipstjóri á Heimaey VE – 1, skipi Ísfélags Vestmannaeyja, um atganginn á loðnumiðunum í vikunni.

Eins og komið hefur fram hefur verið mokveiði á loðnumiðunum hjá öllum flotanum frá því að veiðar hófust á mánudag. Það er miklu meira að sjá af loðnu en verið hefur undanfarin ár – og horfa menn reyndar nokkuð langt aftur til að finna hliðstæðu. eru dæmi um að skip hafi fengið 1.500 tonn í kasti, sem er hreint út sagt ævintýrleg veiði.

Ólafur, en Heimaey lá við bryggju eftir sína aðra löndun á vertíðinni þegar Fréttablaðið hafði samband í gær, segir að útlitið hafi verið virkilega gott í vikunni.

„Þetta er búið að vera miklu öflugra en síðustu vertíðir. Það eru miklu þéttari löðningar og svo er mun minna en var í fyrra af hval – hann hefur nóg að éta einhvers staðar annars staðar, væntanlega loðnu fyrir austan og norðan land,“ segir Ólafur.

Sú kenning hefur verið nefnd við Fréttablaðið að það skipti máli að ekkert af þeirri loðnu sem norsku skipin tóku, eitthvað um 60.000 tonn, var tekið í flottroll – en kenningin er að það splundri loðnu-



Ólafur Einarsson, skipstjóri á Heimaey VE, man ekki aðra eins veiði og hefur verið fyrstu daga vertíðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Maður hefur kannski einu sinni áður á áratuglangri starfsævi fengið eitt kast sem var ellefu hundruð tonn, eða eitthvað slíkt. Núna eru fleiri, fleiri bátar að rykkja þessu upp sama daginn.

Ólafur Einarsson, skipstjóri á Heimaey VE

1.500

tonn af loðnu hafa fengist í sumum köstum á vertíðinni.

torfunni að draga ítrekað í gegnum hana með stórum flottrollum.

„Það er ómögulegt að segja nokkuð um það. Það kunna einhverjir er

» Talið er máli skipta fyrir góð aflabrogð á vertíðinni nú að Norðmenn hafi ekki í þetta sinn splundrað loðnutorfunni með því að draga flottroll í gegnum hana.

skipta máli að halda það, en það eru hreinar getgátur,“ segir Ólafur sem telur það líka ómögulegt að meta hvort hrygningargangan sé stærri en

mælingar Hafrannsóknastofnunar gerðu ráð fyrir í byrjun mánaðar.

Ólafur var á leið á miðin í gær, og ætlaði að reyna að ná „einhverju áður en brælir“, en veðurspáin fyrir loðnumiðin er afleit.

Sagan kennir að aðstæður til veiða gætu verið aðrar þegar gefur á sjó aftur, en Ólafur játar því að veiðir hefur gríðarlega mikið að segja um hvernig gengur á loðnuvertíðinni á næstu vikum.

svavar@frettabladid.is



FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur unnið að því undanfarin misseri að auka aðgengi að fjárhagsupplýsingum ríkisins með því að gera reikninga úr bókhaldi ríkisins aðgengilega almenningi. Verkefnið er unnið í samræmi við fjármálastefnu fyrir árin 2017-2022, fjárlög fyrir árið 2017 og stefnu-áætlun ríkisstjórnarinnar um að stíga markviss skref til þess að opna bókhald ríkisins.

Til stendur að opna sérstakan vef, opinreikningar.is, þar sem birtir verða greiddir reikningar úr fjárhagskerfi ríkisins. Þar verður hægt að velja færslur út frá númeri stofnana, tegunda og/eða kennitölu birgja og dagsetningu. Einnig verður mögulegt að skoða fylgiskjöl með reikningum.

Sérstaklega hefur verið hugað að öryggismálum og sjónarmiðum um persónuvernd og fyrirkomulag birtingar verður með þeim hætti að viðkvæmar persónuupplýsingar verða undanþegnar, s. s. vegna læknisheimsókna, bóta- eða launagreiðslna. Mögulegt verður að takmarka birtingu fylgiskjala einstakra reikninga vegna öryggis- og persónuverndar-sjónarmiða eða viðkvæmra viðskiptahagsmuna, t.a.m. þegar birting er til þess fallin að raska samkeppni.

Gert er ráð fyrir að vefurinn opinreikningar.is fari í loftið innan tíðar. Til að byrja með verði þar að finna upplýsingar um greidda reikninga ráðuneyta, en ekki verða birtar upplýsingar aftur í tímann. Stofnanir ríkisins verða hluti af verkefninu í áföngum og er gert ráð fyrir að innleiðing stofnana í A-hluta ríkissjóðs taki um eitt ár.

Í tengslum við birtingu greiðsluupplýsinga er birgjum bent á að ekki er æskilegt að viðkvæmar persónuupplýsingar eða aðrar upplýsingar sem varða viðkvæma öryggis- eða viðskiptahagsmuni birtist í línunum reikninga. Af þessum sökum er mikilvægt að birgjar hugi að uppsetningu þeirra reikninga sem gefnir eru út á þeirra vegum til ríkisins. Líkur eru á að reikningar sem eru rangt uppsettir verði endursendir.

Nánari upplýsingar eru veittar í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og hægt er að senda fyrirspurn á netfangid.postur@fjr.is

Stjórn Orkuveitunnar hefur hækkað forstjórалаunin um 108 prósent frá 2011

KJARAMÁL Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti í janúar að hækka laun Bjarna Bjarnasonar, forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur, um 8,6 prósent frá 1. febrúar.

Með ákvörðuninni hækka heildarlaun Bjarna í 2,8 milljónir króna. Inni í þeirri tölu er 147 þúsund króna greiðsla á mánuði sem samsvara á mánaðarlegu skattmati ríkisskattstjóra á hlunnindum „enda nýtur forstjóri ekki afnota af bifreið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur“, segir í svari frá fyrirtækinu.

Þá er inni í heildarupphæðinni tvisvar sinnum 230 þúsund krónur á mánuði fyrir að gegna stjórnarformennsku í tveimur dótturfélögum OR; Orku náttúrunnar og Gagna-veitu Reykjavíkur.

Með hækkuninni hafa laun Bjarna verið meira en tvöfölduð frá því hann tók við forstjórastarfinu 1. mars 2011, fyrir sex árum. Þá voru mánaðarlaun hans 1.340 þúsund krónur að því er hann upplýsti á þeim tíma. Hækkunin er nánar tiltekið 108 prósent. Til samanburðar hefur almenn launavísitala samkvæmt Hagstofnun hækkað um 54 prósent á þessu tímabili.

Þegar stjórn Orkuveitunnar tók málið fyrir 16. janúar síðastliðinn var byggt á minnisblöðum svokallaðrar starfskjaranefndar fyrirtækisins varðandi launamál forstjórans og innri endurskoðanda. Ekki er



Laun Bjarna Bjarnasonar, forstjóra Orkuveitunnar, hafa hækkað hlutfallslega tvöfalt meira en almennt hjá launafólki síðustu sex árin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Minisblöð, sem afhent eru á fundum stjórnar, teljast til vinnugagna og því undanþegin upplýsingarétti.

Orkuveita Reykjavíkur

hægt að skoða hvað þar segir.

„Minisblöð, sem afhent eru á fundum stjórnar, teljast til vinnugagna og því undanþegin upplýsingarétti. Er beiðni um aðgang því hafnað,“ segir í svari frá Orkuveitunni sem hins vegar sendi ofangreindar upplýsingar um launakjörin. Í þeim kemur einnig fram að mánaðarlaun innri endurskoðanda fyrirtækisins voru hækkuð um 6,9 prósent og eru nú 1.550 þúsund krónur. –gar

KRÓNAN

Krónan
mælir með!



2398 kr. kg

Goða saltkjötsbitar, beinlausir

429 kr. pk.

Tilbúinn baunasúpugrunnur

Saltkjöt og baunir í einum grænum



279 kr. kg

Rófur



**Gott
verð!**

297 kr. pk.

Gulrætur, 600 g

579 kr. kg

Krónu ódýrt saltkjöt



Dreglar og mottur fyrir dýr & menn

Bása gúmmimotta
(drain undir mottunni)
122x183cm x 12mm
6.990

Gúmmimottur margar gerðir og stærðir,
verðdæmi 62x91cm
2.190

3mm gúmmidúkur finrifflaður
1.990 pr.lm.
Einnig til 6mm grófrifflaður
kr. 3.490,-

PVC mottur 50x80 cm
66x120 cm kr. **2.750**
100x150 cm kr. **5.280**

Breidd: 1 metri
Verð pr. lengdarmeter
1.780

Breidd: 67 cm
Verð pr. lengdarmeter
1.490

Margar stærðir og gerðir

Kletthálsi 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



Donald Trump Bandaríkjaforseti ásamt John Kelly heimavarnaráðherra, en ráðuneyti hans hefur sent frá sér tvö minnisblöð um óskráða innflytjendur og brottrekstur þeirra úr landi. Brottvisunum hefur verið forgangsraðað. NORDICPHOTOS/AFP

Trump full alvara með að vísa fólki úr landi

Tvö ný minnisblöð frá heimavarnaráðuneyti Bandaríkjanna sýna hvernig stjórn Donalds Trump hugsar sér að fara með óskráða innflytjendur eftirleidis. Margir þeirra eru orðnir uggandi um sinn hag, þora varla út í búð eða að sækja kirkju.

BANDARÍKIN Á þriðjudaginn birti bandaríska heimavarnaráðuneytið tvö minnisblöð um væntanlegar aðgerðir gagnvart ólöglegum innflytjendum í Bandaríkjunum.

Minnisblöðin sýna að Donald Trump forseta var full alvara þegar hann sagðist ætla að vísa milljónum slíkra úr landi. Hann er þegar tekinn til við að undirbúa framkvæmdina.

Birting minnisblaðanna tveggja kemur nokkrum dögum eftir að drögum að minnisblaði var lekið til fjölmiðla, þar sem fram kom að ráða ætti tugi þúsunda manna til þess meðal annars að smala saman innflytjendum og reka úr landi. Ráðuneytið sagði þessi drög vera ófullburða, en margt í þeim snýr aftur í minnisblöðunum tveimur sem birt voru á þriðjudag.

Í þessum minnisblöðunum kemur fram að væntanlegum aðgerðum er beint gegn „fjarlægjanlegum“ eða „brottvísanlegum“ innflytjendum. „Removable“ er enska orðið.

Þessum brottvísanlegu innflytjendum er síðan forgangsraðað eftir hópum, þannig að efstir á brottvísunarlistanum séu þeir sem hafa hlotið dóm fyrir afbrot, þar næst komi þeir sem hafa verið ákærðir fyrir afbrot en máli þeirra sé ólokið, en það þýðir væntanlega að ekki sé búið að sanna brotið þannig að hinn ákærði gæti vel verið saklaus.

Trump lýgur daglega

Bandaríska dagblaðið Washington Post fylgist grannt með orðum og gjörðum Trumps, og heldur meðal annars úti síðu þar sem tínd eru saman öll ummæli forsetans sem talist geta lygar eða rangfærslur.

Þar kemur fram að á fyrstu 35 dögum sínum í embætti lét Trump frá sér fara 133 rangar eða villandi yfirlýsingar. Enginn dagur leið án þess að hann færi ekki einhvers staðar með rangt mál.

Flestar rangfærslunnar snúast um innflytjendur, eða 24 samtals. Næstflestar snúa að æviferli hans sjálfs, eða 18, og atvinnumálum, 17.

Flestar slíkar yfirlýsingar, sem fara þvert gegn eða á svig við sannleikann, komu frá honum fimmtudaginn 16. febrúar, sem var 28. dagur hans í embætti, eða 21 talsins. Næstflestar eru frá miðvikudeginum 25. janúar, þegar þær voru 13 talsins, en það var sjötti dagur Trumps í embættinu.

Næst komi svo þeir sem hafa gert eitthvað, sem hægt væri að ákæra þá fyrir – án þess að tilgreint sé hver eigi að staðfesta þann glæp áður en búið er að ákæra, hvað þá dæma í málinu. Nedst á þessum lista eru þeir sem fulltrúi innflytjendastofnunar telur að hætta geti stafað af.

Óskráðir innflytjendur í Bandaríkjunum skipta milljónum og margir þeirra eru nú farnir að verða uggandi um sinn hag.

Samkvæmt frásögn The New York Times eru sumir þeirra hættrir að fara í búðir, sumir þora hvorki í skólann né að fara til læknis. Sumir eru jafnvel hættrir að keyra bíl af ötta við að það geti kostað þá brottflutning úr landi verði þeir stöðvaðir af lögreglu. Jafnvel þótt það sé ekki vegna annars en að afturljósið sé bílað.

„Þeir geta verið að bíða eftir okkur hvar sem er. Á hverju götuhorni,“ hefur blaðið eftir Meli, 37 ára konu frá El Salvador sem búið hefur í Los Angeles í tólf ár.

„Ég vil ekki fara út í búð eða í kirkju. Þeir eru að leita alls staðar og þeir vita hvar þeir finna okkur,“ segir hún.

Alls eru rúmlega ellefu milljónir óskráða innflytjenda í Bandaríkjunum. Trump hefur fullt átt að tvær eða jafnvel þrjár milljónir hafi framið afbrot og þeim eigi því að vísa úr landi. Óljóst er reyndar hvaðan hann fékk þær tölur, en opinberar tölur tala um að 1,9 milljónir innflytjenda hafi framið afbrot, en inni í þeirri tölu eru bæði óskráðir og skráðir innflytjendur.

gudsteinn@frettabladid.is

Taka sér kjararáðshækkun í Mosfellsbæ

MOSFELLSBÆR Laun kjörinna fulltrúa í Mosfellsbæ munu fylgja ákvörðun kjararáðs frá því í október og hækka því um 44 prósent. Á sama tíma neitar meirihlutinn að greiða áheyrnarfulltrúum minnihlutans laun fyrir nefndasetu.

Litlir flokkar í bæjarstjórnunum eiga sums staðar rétt á setu í nefndum sem áheyrnarfulltrúar. Í mörgum sveitarfélögum er greitt fyrir slíkt.

Sigrún Pálsdóttir, fulltrúi M-lista, óskaði eftir því á bæjarráðsfundi í gær að fyrst meirihlutinn hefði ákveðið að hækka laun sín fengju



Hækkun frá kjararáði fyrir bæjarstjórn Mosfellsbæjar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

áheyrnarfulltrúar greitt. Tillagan var felld af meirihlutunum og Sigrún segir það valda miklum vonbrigðum.

„Vinnuframlag áheyrnarfulltrúa, abyrgð og þátttaka í umræðum og þar með stefnumótun bæjarfélagsins er jafn mikil og aðalmanna. Það sem skilur þá að er einungis atkvæðisrétturinn. Jöfn laun fyrir sömu vinnu er eitt af grunnildum lýðræðissamfélagsins. Íbúahreyfingunni finnst við hæfi að þannig sé það líka hjá Mosfellsbæ,“ segir í álit Sigrúnar. – sa

Eldhúsvaskar og -tæki

SCHÜTTE 
OULIN

Oulin Florens eldhústæki
11.890

Schutte Hoga eldhústæki
11.590

Schutte Falcon eldhústæki
7.790

Oulin Stálvaskur O304
2 hólf 62x47cm 0,8mm*
17.890

Oulin Stálvaskur F201
2 hólf 87x49 1,2mm*
39.990

Oulin stálvaskur F302A
1 hólf 59x53cm 1,2mm*
19.790

Oulin Stálvaskur F301A
1 hólf 50x45cm 1,2mm*
18.890

Oulin Stálvaskur FTR101R
89x51cm 1,2mm*
25.890

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

* þykkt á stáli

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T





TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

FJALLASALUR

STÓRGLÆSILEG JEPPASÝNING

Í KAAPTÚNI LAUGARDAGINN
25. FEBRÚAR KL. 12-16



RAV4



HILUX INVINCIBLE
33" BREYTING



LAND CRUISER 150 ADVENTURE
33" BREYTING

Við frumsýnum Hilux Invincible með 33" breytingu, ósigrandi harðjaxl með aukahlutapakka að verðmæti 780.000 kr. og kynnum tilboð á Adventure aukahlutapakka fyrir Land Cruiser 150 ásamt því að sýna ýmsar aðrar útfærslur á Land Cruiser, Hilux og RAV4.

Auk þess verða sýnd fjórhjól, sexhjól, Buggy-bílar og Brenderup-kerrur í samstarfi við Ellingsen og útivistargræjur, fjallaskíði, GPS-tæki frá Garmin og fleiri græjur til fjallaferða. Í tilefni af 90 ára afmæli Ferðafélags Íslands bjóðum við þau velkomin til okkar og munu þau kynna fjölbreytt og skemmtilegt starf sitt á sýningunni.

Spennandi getraunir, glæsilegir vinningar, breyttir jeppar á útisvæði og í sýningarsal þar sem ferðagleðin verður í fyrirrúmi. Komdu þér í ferðagírinn með okkur í Kaupúni.

Hilux Invincible aukahlutapakki: 33" breyting, Invincible-merki, hlíf undir framstuðara, gluggavindhlífar og króm á afturljós.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070



ELLINGSEN

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



Myndin sýnir það svæði þar sem flug dróna er nú óheimilt. MYND/SAMGÖNGUSTOFA

Bannsvæði fyrir drónana

SAMGÖNGUR Bannað er að fljúga drónum innan tveggja kílómetra frá áætunarflugvöllum og 1,5 kílómetrum frá öðrum flugvöllum. Einnig er bannað að fljúga drónum ofar 130 metrum óháð þyngd þeirra.

Þetta felst í ákvörðun Samgöngustofu. Ákvörðunin sækir lagastöð í lög um loftferðir.

Sé flug drónans lægra en hæstu byggingar í nágrenninu má fljúga dróna innan þess svæðis sem takmarkast af ákvörðuninni. Þá má einnig fljúga dróna á svæðinu faist leyfi frá rekstraraðila flugvallarins.

Ákvörðunin felur meðal annars í sér að óheimilt er að fljúga dróna í vesturbæ Reykjavíkur og sömu sögu er að segja af miðborginni, við Kringluna, yfir öllum Fossvogi og á Kársnesi í Kópavogi.

Að auki verður óheimilt að fljúga dróna í stærstum hluta Keflavíkur.

Ákvörðun Samgöngustofu verður í gildi þar til reglugerð um notkun og starfrækslu dróna hefur fengið samþykki ráðherra. Slík reglugerð hefur verið í vinnslu í innanríkisráðuneytinu og er nú í umsagnarferli. – jõe

740 NESKAUPSTAÐUR

225,3 m² einbýlishús

36.000.000 krónur
fermetraverð 159.786 kr.



640 HÚSAVÍK

172,3 m² einbýlishús

29.500.000 krónur
fermetraverð 171.213 kr.



340 STYKKISHÓLMUR

181,2 m² einbýlishús

40.000.000 krónur
fermetraverð 220.750 kr.



815 ÞORLÁKSHÖFN

202,2 m² einbýlishús

28.000.000 krónur

fermetraverð
138.476 kr.



465 BÍLDUDALUR

107,6 m² einbýlishús

29.900.000 krónur

fermetraverð
277.881 kr.



245 SANDGERÐI

162,3 m² einbýlishús

29.900.000 krónur

fermetraverð
184.226 kr.

Bankarnir halda verði niðri á landsbyggðinni

Húsnæðisskortur er í sumum minni bæjum án þess að lögmál um framboð og eftirspurn nái til fasteignaverðs. Próffessor segir fólk tregt til að kaupa þar sem endursala er erfið. Verð er oft þriðjungur af því sem er á höfuðborgarsvæðinu.

Snaerós
Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



VIÐSKIPTI Húsnæðisskortur er í sumum minni bæjum en þrátt fyrir það er húsnæðisverð oft þriðjungur af því sem gerist á höfuðborgarsvæðinu. Í öðrum þorpum standa fjölmörg hús á sölu óhreyfð um árabíl.

Eftir stendur spurningin hvers vegna ungt fólk leggur ekki land undir fót og kaupir sér sína fyrstu eign í minni byggðarlögum, í stað þess að vera fast á leigumarkaði eða þurfa að setta sig við lakari húsakost á höfuðborgarsvæðinu en vonir stóðu til.

„Þar sem er erfið að selja íbúðir, þorir fólk ekki að kaupa íbúðir,“ segir Þóroddur Bjarnason, próffessor við Háskólann á Akureyri og fyrrverandi stjórnarformaður Byggingastofnunar. „En víða er alveg ofboðsleg eftirspurn eftir leiguhúsnæði og það er ekki jafn mikill munur á verði á leigumarkaðnum á mörgum minni stöðum samanborið við leiguverð á höfuðborgarsvæðinu.“

Þóroddur bendir á að hvergi sé sama fasteignaverð en vöxtur sé í um það bil 75 til 100 kílómetra fjarlægð frá stærri þéttbýlisstöðum með öflugri þjónustu. Fólk kaupir til dæmis ódyrt á Dalvík en vinnir á Akureyri.

„Þetta kallast „counter urbanisa-

tion“. Þetta er sem sagt ekki úthverfvaðing heldur er fólk að flytja í sjálfstæð byggðarlög sem eru í seilingarfjarlægð.“

Þóroddur segir þó fleira spila inn í en tregðu við að kaupa húsnæði sem erfið gæti reynst að selja að nýju. Þjónusta á sumum jaðarsvæðum sé með eindæmum slæm.

„Þú getur keypt hús á Raufarhöfn sem er í 100 km fjarlægð frá Húsavík, en hvað ætlarðu að gera þar? Auðvitað eru dæmi um að fólk vinni vinnu þar sem engu skiptir hvar það er staðsett, svo framarlega sem nettengingin er í lagi. En ef þú býrð í þorpi ásamt öðrum 120 og búðin er opin í tvo klukkutíma á dag þá er það kannski ekki vænlegur kostur.“

Á Bildudal í Vesturbyggð hefur um nokkra hrið verið uppgangur. Svo er komið að fasteignaskortur er á svæðinu. Það virðist þó ekki leiða til hækkunar fasteignaverðs og lögmálið um framboð og eftirspurn á því ekki við.

„Bankarnir, sérstaklega Íbúðalánasjóður, hafa verið rosalega tregir. Ef þú kemur með kaupsamning sem er með herra verði en hugmynd bankans um hvað hús á þessu svæði kostar, þá neita þeir að viðurkenna hann. Vítahringurinn sem þú situr svo fastur í er að á meðan fasteignaverðið er lægra en byggingakostnaðurinn þá byggir enginn.“

Bankarnir, sérstaklega Íbúðalánasjóður, hafa verið rosalega tregir.

Þóroddur
Bjarnason,
próffessor við
Háskólann á
Akureyri



Þóroddur nefnir dæmi um útgerð á Raufarhöfn sem réð til sín 20 starfsmenn en síðan var ekki nægt húsnæði á staðnum. Mörg hús stóðu auð en eru nýtt sem sumarhús.

Friðbjörg Matthíasdóttir, starfandi sveitarstjóri í Vesturbyggð, nefnir dæmi um fasteignakaup á Bildudal.

„Jafnvel þó komið væri á samkomulag á milli seljanda og kaupanda upp á 20 milljónir þá sagði bankinn að honum þætti húsið ekki meira virði en 15 milljónir og lánaði þá bara fyrir því.“

Undanfarið hafa ýmis störf verið auglýst í Vesturbyggð en húsnæðisskortur er viðvarandi. „Það er dálítið erfið að horfa upp á að það vantar húsnæði fyrir íbúa en á meðan sjáum við góð fjölskylduhús notuð sem sumarhús í eina til tvær vikur á ári.“

★★★★★

„Fallegur samruni óperu og leikrits“

(JS/Fréttablaðið)

HRÍFANDI UPPLIFUN
mannsröddin
ÓPERA / LEIKRIT EFTIR POULENC & COCTEAU

SÍÐUSTU SÝNINGAR
TRYGGIÐ YKKUR MIÐA



ÍSLENSKA ÓPERAN

#islenkaoperan · Miðasala: opera.is

VARMA

The Warmth of Iceland



Nú er hægt að versla Varma á netinu
www.varmaclothing.com



#FJÖRUGASTUR

Ford Fiesta er fjörugur og skemmtilegur bíll. Mest seldi bíll í Evrópu fjórða árið í röð. Fyrir því eru góðar ástæður. Ríkulegur staðalbúnaður, Bluetooth samskiptakerfi, fimm stjörnu öryggi, hagstætt verð og lágur rekstrarkostnaður. Fiesta höfðar til þeirra sem vilja eiga fjörugar stundir undir stýri og þeirra sem leitast eftir sparneytni og öryggi.

BEINSKIPTUR FRÁ:

2.290.000 KR.

34.364 kr.
á mánuði

- Miðað við 90% Lykillán
 - Kaupverð 2.290.000 kr.
 - Útborgun 229.000 kr.
 - Vextir 8,9%
 - Lánstími 84 mánuðir
 - Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,62%
- Útborgun í formi upptökubíls er að sjálfsögðu möguleiki



Ford er frábær!
Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Fiesta

ford.is



Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söluæildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

SKOÐUN

Skuldafangelsi



Hörður Egiðsson
hordur@frettabladid.is

Það er ekkert sumar án þess að skuldavandi Grikklands komist í kastljós alþjóðlegra fjölmiðla. Á því verður engin breyting í ár. Þótt lítið hafi verið um fréttir af efnahagsvandræðum Grikkja síðustu misseri þá er það ekki til marks um að mikið hafi áunnist í að vinna bug á ósjálfbærri skuldastöðu ríkisins. Öðru nær. Skuldir gríska ríkisins eru um 180 prósent af landsframleiðslu en samkvæmt AGS gæti skuldahlutfallið, komi ekki til verulegra afskrifta, orðið hátt í 300 prósent á næstu áratugum.

Grísk stjórnvöld eiga nú í viðræðum við lánveitendur sína um framhald á frekari fjárhagsaðstoð. Í júlí þarf ríkið um sjö milljarða evra til að standa í skilum á afborgunum og geta þannig velt skuldabaggunum áfram enn um sinn. Forystumenn á evrusvæðinu hafa sagt að fyrirgreiðslan sé háð því að Grikkir ráðist í enn meiri aðhaldsaðgerðir og efnahagsbætur í því skyni að ná fram auknum afgangi á frumjöfnuði ríkissjóðs.

AGS hefur tekið undir með grískum stjórnvöldum um eftirgjöf skulda eigi sjöðnum að vera fært að taka þátt í frekari lánveitingum til Grikklands. Ráðamenn Þýskalands eru á öðru máli og útiloka að skuldir Grikklands verði afskrifaðar. Hinar miklu skuldir Grikkja eru nánast alfarið við opinbera aðila, einkum stærstu ríki evrusvæðisins. Í aðdraganda kosninga á komandi sex mánuðum í Hollandi, Frakklandi og Þýskalandi er ljóst að pólitískur ómöguleiki er fyrir stjórnmalamenn þessara ríkja að samþykkja eftirgjöf gagnvart kröfum Grikkja. Að óbreyttu er því ekkert lát á framhaldandi efnahagsþrengingum Grikkja.

Stofnun myntbandalagsins átti að skapa aukinn stöðugleika. Það markmið er í dag aðeins fjarlægur draumur. Þótt ójafnvægi á greiðslujöfnuði aðildarríkja evrunnar hafi verið fyrir hendi allt frá því að hún var fyrst kynnt til sögunnar þá skapaði þetta ekki vandamál fyrr en alþjóðlega fjármálakreppan skall á 2008. Fram að því voru fjárfestar reiðubúnir að fjármagna viðskiptahalla margra evruríkja, meðal annars Grikklands, á lágum vöxtum. Sá tími er liðinn. Skuldahrjádustu evrurikin hafa þess í stað verið háð því að seðlabankar þeirra fái fjármögnun í gegnum greiðslumiðlunarkerfi Evrópska seðlabankans, betur þekkt sem Target2. Gríðarmiklum viðskiptaafgangi Þýskalands á undanförunum árum hefur að mestu verið ráðstafað til að fjármagna seðlabanka þessara sömu ríkja í gegnum Target2 kerfið. Þannig nemur krafa seðlabanka Þýskalands á Evrópska seðlabankann í dag um 800 milljörðum evra, sem er að stórum hluta jafnframt óbeint krafa á seðlabanka Grikklands, og hefur aldrei verið meiri.

Sú stefna sem þjóðverjar hafa rekið gagnvart Grikklandi er pólitískt og efnahagslega óskynsamleg og mun að lokum hrekja Grikki í greiðsluþrot. Þá munu þjóðverjar vakna upp við vandan draum þegar þeir þurfa að afskrifa kröfur sínar á Evrópska seðlabankann að verulegu leyti samhliða því að Grikkir kasta evrunni.



Stofnun myntbandalagsins átti að skapa aukinn stöðugleika. Það markmið er í dag aðeins fjarlægur draumur.

Halldór



Frá degi til dags

Aðskilnaðarkviði

Tekist var á um áfengisfrumvarp stjórnarliða á Alþingi í gær. Virðast landsbyggðarþingmenn andvígari frumvarpinu en þingmenn höfuðborgarinnar, jafnvel þó það gæti þýtt áfengissölu í vegasjoppum um allt land, landsmönnum til hagræðis. Nú má fá hvitvin með humrinum á Höfn í Hornafirði og fiskisúpunni á Dalvík en hvergi á sunnudögum. Málið mætir andstöðu þingmanna VG. Rósa Björk Brynjólfsdóttir sagði þannig málið sýna „sorglega málefnaþurrð“ stjórnarliða. Vinstri græn styðja aðskilnað ríkis og kirkju en fái VG einhverju ráðið verður enginn aðskilnaður ríkis og Ríkis.

Forræðishyggjan

Teitur Björn Einarsson, flutningsmaður frumvarpsins, sagði að til að sporna við áfengisneyslu væri ekki rétta leiðin að takmarka aðgengi heldur að auka forvarnir gegn neyslunni og efla „alvöru meðferðarúræði“ fyrir þá sem eiga í vandræðum með vín. Hann benti á að í frumvarpinu væri gert ráð fyrir stóruaukum framlögum til lýðheilsusjóðs. Þar með tók Teitur eiginlega undir röksemdafærslu þeirra sem andvígastir eru málinu, nefnilega að kostnaður samfélagsins verði töluverður við aukni aðgengi. Þó hefur ekki verið sannað að brennivíni fylgi meira böll úr rekkunum í Bónus. snaeros@frettabladid.is

Röng skilaboð



Ari Trausti Guðmundsson
þingmaður VG í Suðurkjördæmi

Við höfum átt orðastað, ég og forsætisráðherra, í óundirbúnum fyrirspurnum á Alþingi um skil hans á skýrslum um aflandsfélög og skuldaleiðréttinguna. Í máli hans kemur fram að hann telur réttlætlanlegt að hafa haldið þeim frá almenningi og Alþingi fram yfir ríkisstjórnarmyndun en viðurkennir þó mistök vegna skila þeirra fyrri. Hvað skýrsluskil varðar þá er kýrskýrt að ráðherra er almennt ekki dómari um hvenær skýrsla skal lögð fram, plagg sem beðið er um af þinginu og unnin af sérfræðingum, eins þótt verkeiðandinn sé ráðherra. Skýrsla á samkvæmt eðlilegum lýðræðisvinnubrögðum alla jafna að birtast þingi og þjóð þegar hún er tilbúin að mati sérfræðinganna en ekki þegar ráðherra telur hana birtingarhæfa. Innihaldið er ekki ákvarðandi í fyrsta sæti, ekki lengdin, ekki hversu sammála eða ósammála ráðherra er innihaldinu. Þetta er verkerfi sem við eigum ekki að þurfa að deila um. Ég lít svo á að ráðherra hafi orðið á alvarleg mistök enda um meðvitaða ákvörðun að ræða, ekki gleymsku. Skilaboð til almennings og Alþingis í ljósi lýðræðis eru röng.

Ráðherra hefur sagt í andsvörum að þingheimur þyrfti að vera sammála um eðli og inntak síðareglna. Að sjálfsögðu. Ég var einmitt að reyna að fá hans afstöðu fram vegna algengs misskilnings margra um eðli og inntak síðareglna. Engu máli skiptir við mat á síðareglubrotum hvort viðkomandi hafi orðið á óvarkárni, gleymaska eða hann haft uppi ásetning. Flest má kalla mistök. Það hugtak frelsar engan undan því að hafa framið ósiðrænan verknad. Brot viðkomandi er brot vegna þess að það er yfirleitt ekki hægt að sanna hvað lá að baki rangri ákvörðun sem reglur segja vera brot. Afsökun breytir engu nema ef til vill víðurlögum. Þetta er kjarni míns máls og varðar miklu ef síðareglur eiga að vera til gagns. Við getum deilt um hvað á við um skýrsluskilin, brot eða ekki brot, en morgunljóst að mat á síðareglubrotum er fyrst og fremst mat á gjörningnum sjálfum ekki á misgáningi, gleymsku, ásetningi eða persónulegu mati viðkomandi á eigin gerðum.



Ég lít svo á að ráðherra hafi orðið á alvarleg mistök enda um meðvitaða ákvörðun að ræða, ekki gleymsku.

SMÁVÖRUHILLUR OG SKÁPAR

...fyrir alla muni



Rymi 80
OFNASMIDJAN 1936-2016

s. 511 1100 | www.rymi.is

Peningaplokkandi tölvuleikir

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Öðru hverju sjást í fjölmiðlum frásagnir foreldra sem segja farir sínar ekki sléttar eftir að börnin þeirra hafa eytt tugum eða hundruðum þúsunda í einhvers konar tölvuleikjaspil.

Sögurnar eru yfirleitt svipaðar. Foreldrar eða börn hafa hlaðið niður tölvuleik á síma eða tölvu. Leikurinn sjálfur er gjarnan ókeypis eða ódýr og fljótlega er einhver á heimilinu kominn á bólakaf í að spila. Færnin í leiknum eykst hröðum skrefum og stigin hrannast upp. Leikmaðurinn klifrar hratt upp alþjóðlega virðingargstiga í leiknum og er jafnvel kominn í samskipti við alls konar fólk um heim allan.

En sá böggull fylgir skammrífi að til þess að vera samkeppnishæfur til lengdar þá þarf leikmaðurinn að kaupa alls kyns viðbætur við leikinn eða hugsanlega að borga aukalega fyrir að geta spilað lengur. Um þetta snýst viðskiptaaætlun framleiðand-

ans; að gefa eða selja ódýrt til sem flestra til þess að geta fundið þá örfáu sem tilbúnir eru til þess að borga miklu meira til þess að auka ánægju sína af leiknum.

Yfirleitt eru upphæðirnar lágar í hvert skipti; kannski nokkrir hundradkallar til þess að kaupa nýjan leikmann eða komast inn á nýtt „level“. En margt smátt verður eitt stórt og eftir nokkrar vikur eða mánuði taka foreldrar eftir því að búið er að eyða svimandi upphæðum til viðbótar í leiki sem ýmist voru gefnir frítt í upphafi eða kostuðu sáralítið.

Kynningartilboð

Viðskiptahættir af sama meidi eru vel þekktir. Áskriftardagblöð og fjölmiðlar eiga það til að senda fólk ókeypis eintök eða opna dagskrána og bjóða jafnvel upp á hin rausnarlegustu kynningartilboð fyrir nýja áskrifendur í þeirri von að þeim líki varan (eða málfutningurinn) svo vel að þeir séu tilbúnir til þess að greiða fullt áskriftarverð síðar. Ekkert óheildarlegt eða óeðlilegt er við þessa viðskiptahætti. Það mætti jafnvel frekar kalla þetta fyrirtakspjónustu heldur en ágens solumennsku.

Sumir taka þetta skrefinu lengra. Rakvélaframleiðandinn Gillette er frægur fyrir að selja sköftin hræðdýrt en moka svo inn peningum þegar notendur kaupa ný rakvélaflöð,

sama má segja um þá sem framleiða tölvuprentara; þeir eru seldir býsna ódýrt en svo kostar arm og legg að fylla á blekið. Flestum finnst þessir viðskiptahættir pirrandi, en þeir eru ekki í eðli sínu óheildarlegir.

Fyrsti skammturinn frí

En þó eru miklar og varasamar undantekningar á þessu. Þegar dopsalar gefa „fyrsta skammtinn“ þá er það sannarlega ekki gert í þeim tilgangi að gefa kúnnanum tækifæri til þess að taka upplýsta ákvörðun um hvort hann vilji halda viðskiptunum áfram. Þar er tilgangurinn sá að veida í fórnarlamb í net óbrjótandi fiknar.

Svona viðskiptahættir tíðkast einnig hjá þeim sem standa að fjárhættuspili. Spilavíti beita alls kyns aðferðum til þess að ginna fólk inn, meðal annars með því að bjóða upp á ókeypis áfengi, ódýra hótelligistingu og ýmiss konar annan munað. Leikirnir í spilavítinu eru svo hannaðir til þess að gera fólk háð spennunni og æsingnum.

Ef í ljós kemur að hinn nýi viðskiptavinur á erfitt með að hemja sig við spilaborðið þá hafa spilavítin ráð undir rífi hverju til þess að rýja hann inn að skinni áður en honum er kastað ófugum og snauðum aftur út á gangstétt.

Fórnarlömb eða viðskiptavinir

Því miður ástundar stór hluti tölvu-

leikjainnviðarins svipuð vinnubrögð og síðferði og þekktist hjá dopsólum og harðsvirðum fjárhættuspiladölgum. Leikirnir sem líta út fyrir að vera sakleysisleg afþreying eru beinlínis hannaðir til þess að nýta veikleika fólks og brjóta niður mótstöðuprek þess gegn ágengu peningaplokki eða auglýsingaflöði.

Leikirnir eru hannaðir út frá aðferðum, sem margir af færustu sálfræðingum heims taka þátt í að móta, og hafa þann tilgang að toga notandann sífellt dýpra ofan í gerviveröldina sem leikurinn býður upp á þangað til hann sést ekki fyrir í metnaði sínum eða týnir sér í sefjunarmætti leiksins og verður háður honum.

Fólki á öllum aldri er hætt við að láta í minnipokann fyrir þessum sálfræðihernaði—og þegar það gerist þá er mikilvægt að skilja að við gætum átt við ofurefli að etja.

Þægindi eða þrældómur

Eigendur snjallsíma og -tölva þekkjast flestir að í þeim er varla friður fyrir sífelldum spurningum um hvort forritið megi senda tilkynningar í tíma og ótíma. Í ofanálag er stöðugt verið að bjóða upp á þau „þægindi“ að geta keypt alls kyns drasl með því að smella einu sinni á „OK“ takkann í stað þess að hamra inn lykilorð. Þetta hefur vitaskuld ekkert með þægindi að gera heldur er það aðferð til þess draga fólk oftar inn í

forrit og leiki sem það hefði annars ekki notað; og til þess að draga úr allri fyrirstöðu við peningaeyðslu á netinu.

Hvort sem tölvuleikir og smáforrit eru að stela af okkur tíma og peningum þá verður það ekki umflúið að ábyrgðin er okkar sjálfrá. Þjófnaðurinn á sér stað með samþykki okkar.

En þótt samþykki fyrir þjófnaðinum sé til staðar er hæpið að tala um að hann eigi sér stað með vitund okkar og vilja. Algleymi tölvunnar getur nefnilega rænt okkur hvoru tveggja—og í ofanálag er að verða til sífelld þróaðri hugbúnaður sem mælir leiðir til þess að finna veikustu blettina á hverjum einstökum notanda og nýta þá til peningaplokkis og tímasóunar.

Foreldrar barna sem lenda í þessum gildrum tölvuleikjanna ættu því ekki að reiðast þeim. Þetta er ójafn leikur sem hver sem er á hættu á því að tapa. En það er líklegt að það gildi sama um tölvuleikjafíkn og aðra fíkn; fyrsta skrefið í að vinna bug á henni er að gera sér grein fyrir henni og hugsanlega að úthýsa þeim freistingum—að minnsta kosti tíma-bundið—sem valda vandamálinu.

Og þegar maður velur tölvuleiki til að spila þá gæti borgað sig að kaupa frekar vandaða leiki sem greiddir eru fyrirfram heldur en að fá fyrsta skammtinn frítt.

Áfengi í matvörubúðir?



Guðjón S. Brjánsson
alþingismaður



Gunnar Ólafsson
heilsuhagfræðingur

varnarstefnu WHO. Ef frumvarpið nær fram að ganga munu áfengisauklýsingar verða leyfðar í fjölmiðlum og aðgengi að áfengi mun aukast. Í dag rekur ÁTVR 50 verslanir, en ef frumvarpið nær fram að ganga mun verslunum þar sem áfengi verður selt fjölga í 250 verslanir um land allt.

Sérfræðingar sammála

Ekki þarf að efast um, að ef frumvarpið verður að lögum mun áfengisneysla á Íslandi aukast. Um það eru allir sérfræðingar sammála sem vinna við lýðheilsu og forvarnir. Meira að segja viðurkenna sumir flutningsmenn frumvarpsins sjálfir að svo muni fara. Það er staðreynd að aukin áfengisneysla leiðir til fleiri félagslegra vandamála, meiri ölvunaraksturs, fleiri heimilisofbeldismála, fleiri skilnaða, fleiri áfengistengdra dauðsfalla, fleiri tapaðra vinnustunda vegna áfengisneyslu. Stofnanir samfélagsins (félagsþjónusta, heilbrigðiskerfið, lögregla o.s.frv.) munu verða fyrir meiri tilkostnaði (mannskap og fé) í að glíma við afleiðingarnar. Það er óbodelgt í greinargerð með frumvarpinu að hvergi er minnst á afleiðingar aukinnar áfengisneyslu.

Í sænskri rannsókn var fjallað um hvaða áhrif það myndi hafa að leyfa sölu áfengis í matvöruverslun. Ölvunarakstri, árasum, dauðsföllum og veikindadögum myndi fjölga og ef tölurnar yrðu heimfærðar fyrir Ísland myndi tilfelling ölvunaraksturs þannig fjölga um 230 á ári, árasum um 700 á ári og dauðsföllum vegna meiri áfengisnotkunar um 70 á ári. Veikindadögum myndi fjölga um 390 þúsund (T. Norström og fleiri: Potential consequences of replacing a retail alcohol monopoly with a private licence system: results from Sweden).

Því er eðlilegt að spurt sé? Af hverju er verið að leggja fram þetta frumvarp? Er verið að þjóna velferðarhagsmunum almennings með þessu frumvarpi? Almennungur hefur ekki kallað eftir þeim breytingum og áhættu sem frumvarpið felur í sér. Hverra hagsmuna er verið að gæta? Almennings eða þröngra viðskiptahagsmuna verslunarinnar?

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um að leyfa sölu á áfengi, þ.m.t. vodka og brennivín, í matvöruverslunum. Flutningsmenn frumvarpsins hafa viðurkennt að áfengi er ekki eins og hver önnur vara. Það er ekki sami hlutur að drekka hálfan lítra af vodka og hálfan lítra af mjólk svo dæmi sé nefnt. Enginn er dómbær og allsgæður sem hefur drukkið hálfan lítra af vodka, ólíkt þeim sem drakk mjólkina. Áfengi er vímuefni og að okkar mati á það ekkert erindi í venjulegar verslanir, heldur þvert á móti ætti að takmarka aðgengi að því vegna eðlis og þeirrar skaðsemi sem það veldur.

Í gegnum árin hefur ríkt ihaldssöm stefna í áfengismálum á Íslandi. Sem merki um það var sala á áfengum bjór leyfð árið 1989 eftir 70 ára bann. Frá því ári til ársins 2007 jókst áfengisneysla á hvern Íslending 18 ára og eldri um 66%, eða úr 4,53 l á mann árið 1988 í 7,53 l á mann árið 2007, þegar áfengisneyslan náði hámarki. Síðan hefur dregið úr henni og var áfengisneysla árið 2015 um 7,35 l á hvern Íslending.

Áfengisvarnarstefna íslenskra stjórnvalda hvílir á fjórum þáttum, forvörnum, háum áfengiskaupaldri, háum áfengissköttum og takmörkuðu aðgengi að áfengi. Stefna Íslands í áfengismálum hefur verið í samræmi við forvarnarstefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar (WHO) í áfengismálum sem eru háir áfengisskattar, takmarkað aðgengi og bann við auglýsingum á áfengi. Frumvarpið gengur gegn tveimur af þessum þremur meginstöðum í for-

VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

ALLIR SEM VERSLA FYRIR 8.000 KR. EDA MEIRA OG BORGA MED NETGÍRÓ FÁ GJAFAKORT FRÁ DUNKIN' DONUTS

DRAUMAR GETA RÆST, KIPPA AF HRINGJUM.

BAKARÍS-BOLLUR

ALLAR TEGUNDIR AÐEINS Í ENGIHJALLA

VATNSDEIGSBOLLUR FRÁ MYLLUNNI 399 kr.

MACHIN IS 699 kr.

ST. DALEFOUR SEATUR ALIAR TEG. 369 kr.

MARS 10PK SNICKERS 10PK 399 kr.

BASKIN ROBBINS 4 TEGUNDUR 499 kr.


Iceland er með úrvalið:

- Ger Súkkulaðibolla
- Irish Coffie Bollur
- Vatnsdeigs súkkulaðibollur
- Vatnsdeigsbananabollur
- Daim kaffibollur
- Kókos Rjórabolla
- Berlinarrjórabolla m/hesilnetukremi
- Krakkahringir m/karamellu
- Krakkahringir m/súkkulaði

OPÍÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

OPÍÐ ALLAN SÓLARHRINGINN ICELAND, ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA





BÓKAMÁR

Laugardalsvelli

FRÁ 24. FEBRÚAR

TIL 12. MARS






990.-



1590.-



2990.-

OPÍÐ
KL. 10 – 21
ÖLL KVÖLD

KAÐURINN

ÓTRÚLEGT ÚRVAL

ÞÚSUNDIR TITLA

SPARAÐU ÞÚSUNDIR



3590.-




690.-



1490.-



2490.-



2990.-



990.-



990.-



1990.-



Hver fær bikarinn? Einhver þessara fjögurra leikmanna mun lyfta bikarinn eftir úrslitaleik Coca Cola-bikars karla á morgun. Frá vinstri: Kristófer Fannar Guðmundsson frá Aftureldingu, Haukamaðurinn Elias Már Halldórsson, FH-ingurinn Ásbjörn Friðriksson og svo Valsmaðurinn Orrí Freyr Gíslason. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fjórðurinn mun flytja í Höllina

Undanúrslitin í bikarkeppni karla, Coca Cola-bikarinn, fara fram í Laugardalshöllinni í dag. Einar Jónsson, þjálfari Stjörnunnar, spáir því að það verði í fyrsta skipti Hafnarfjarðarslagur í úrslitaleiknum á morgun.

HANDBOLTI Veisla dagsins hefst klukkan 17.15 er Valur og FH mætast. Klukkan 19.30 er síðan komið að leik Hauka og Aftureldingar. Það hefur aldrei gerst áður að Hafnarfjarðarliðin leiki til úrslita í bikarkeppninni og margir Hafnfirðingar bera þá von á brjósti að nú sé loksins komið að því.

Fréttablaðið fékk Einar Jónsson, þjálfara Stjörnunnar, til þess að spá í spilin en hann á von á tveimur mjög jöfnum leikjum.

Tvö heitustu liðin

„Valur og FH eru svona tvö heitustu liðin í augnablikinu. Valsarnir hafa verið fjári öflugir og verið að spila mjög vel. Þeir voru líka að gera það gott í Evrópukeppninni. Það sama á við um FH sem er líklega besta liðið í dag,“ segir Einar um fyrri leik dagsins.

„Þetta verður hörkuleikur og ég held að FH taki þetta á endanum. Ég held að Evrópukeppnin muni sitja aðeins í Völsurum. Óskar Bjarni [þjálfari Vals] og Hlynur [markvörður Vals] fara samt einhvern veginn alltaf í Höllina og það er iðulega góð bikarstemning yfir þessu hjá Valsmönnum sem eiga titil að verja.“

Þreytan skiptir máli

Valsmenn spiluðu tvo Evrópuleiki í Svartfjallalandi um síðustu helgi og fóru í nokkuð erfitt ferðalag. Þegar til kastanna kemur óttast Einar að það muni koma liðinu um koll.

„FH-liðið er mjög öflugt að refsa. Ef Valsliðið nær ekki að spila mjög skipulagðan og agaðan sóknarleik, eru kannski þreyttir og missa einbeitinguna þá mun FH refsa með þremur til fjórum mörkum. Það held ég að muni riða baggamuninn þegar upp verður staðið. Þetta verður fjórði leikur liðsins á níu dögum plús ferðalag. Þetta verður því erfitt fyrir þá. Valsmenn eru samt flottir og gætu alveg klárað þetta þó svo ég spái FH sigri.“



Kristján Arason þjálfaði FH þegar liðið varð bikarmeistari síðast fyrir 23 árum.

100%

Öll fjögur efstu liðin í Olís-deild karla eru í undanúrslitum bikarsins í ár.

» Haukar unnu 18 marka sigur á Aftureldingu þegar liðin mættust síðast en Mosfellingar höfðu unnið fyrsta leik liðanna.

» Valur og FH hafa unnið einn leik hvort í vetur en það hefur aðeins munað samtals 3 mörkum á liðunum.

23 ár síðan FH-ingur unnu bikarinn síðast

Lið Vals og Hauka hafa bæði unnið karlabikarinn á síðustu þremur árum, Valsmenn eru bikarmeistarar og Haukar unnu bikarinn síðast árið 2014. Hin tvö liðin í undanúrslitunum, FH og Afturelding, hafa aftur á móti þurft að biða talsvert lengur eftir að vinna bikarinn.

Lengsta bið frá síðasta bikarmeistaratitli (til 2017)



Próttur

36 ár ('81-)



KR

35 ár ('82-)



Víkingur

31 ár ('86-)



ÍBV

24 ár ('91-'15)



FH

23 ár ('94-)



Afturelding

18 ár ('99-)

17 ár Fram ('00-)
17 ár Haukar ('80-'97)
17 ár Stjarnan ('89-'06)

15 ár FH ('77-'92)
14 ár Valur ('74-'88)
14 ár HK ('03-)

13 ár KA ('04-)
10 ár Stjarnan ('07-)
10 ár Valur ('98-'08)

FH og Afturelding reyna að stöðva mikil bikarlið

Haukar (6) og Valur (5) hafa unnið ellefu bikarmeistaratitla samanlagt frá því að FH varð síðast bikarmeistari 1994 og enn fremur hafa Haukar (5) og Valur (4) unnið níu bikarmeistaratitla saman síðan Afturelding vann bikarinn í fyrsta og eina skiptið árið 1999. Haukar urðu bikarmeistarar 1997, 2001, 2002, 2010, 2012 og 2014. Valsmenn urðu bikarmeistarar 1998, 2008, 2009, 2011 og 2016.

Afturelding hefur hikstað

Liðin í undanúrslitunum eru fjögur efstu lið Olís-deildarinnar og í seinni leik dagsins mætast topplið Hauka og Afturelding sem er í öðru sæti deildarinnar.

„Ég held að Haukarnir vinni þennan leik. Afturelding hefur verið að hiksta eftir áramót og hafa gefið svoltið eftir. Þeir gerðu það líka í lok síðasta árs. Þeir eru í smá vandræðum. Þeir eru að fá inn leikmenn og svo er óvissa með aðra. Þetta er held ég óþægilegt ástand hjá þeim,“ segir Stjörnuþjálfarinn en Haukar hafa líka verið í smá þúsluspili þar sem þeir misstu Janus Daða Smáráson til Danmerkur.

„Það var auðvitað mikill missir fyrir þá en svo verða þeir samt hægt og

rólega betri. Þeir hafa mikla reynslu í svona aðstæðum og þjálfara sem þekkir þetta allt líka. Það er því ansi mikið með þeim að þessu sinni og ég held að þeir klári þennan leik. Haukarnir munu þó þurfa að hafa mikið fyrir þessu.“

Frábært að fá Hafnarfjarðarslag

Reynist Einar sannspár þá verður loksins Hafnarfjarðarslagur í úrslitunum og má búast við mikilli stemningu og látum í Höllinni gangi það eftir.

„Þetta eru að mínu mati tvö bestu liðin í dag. Það væri frábært að fá þennan leik. Að flytja Fjórðurinn í Höllina. Það verður rosalegur úrslitaleikur og ég hef ekki trú á öðru en að þetta verði vel heppnuð handboltahelgi.“
henry@frettabladid.is

Nýjast

Coca Cola-bikar kvenna

Stjarnan - Selfoss 27-23

Stjarnan: Helena Rut Örvarsdóttir 8, Rákel Dögg Bragadóttir 5, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 3, Aðalheiður Hreinsdóttir 2, Elena Elíasbet Birgisdóttir 2, Sólveig Lára Kjærnested 2, Nataly Sæunn Valencia 2, Brynhildur Kjartansdóttir 1, Þorgeður Anna Atladóttir 1, Stefania Theodórsdóttir 1.

Selfoss: Hrafnhildur Hanna Prastardóttir 12/5, Diajan Radojevic 3, Kristrún Steinþórsdóttir 3, Perla Ruth Albertsdóttir 2, Arna Kristín Einarsdóttir 2, Carmen Palamari 1.

Haukar - Fram 21-28

Haukar: Ramune Pekarskyte 10, Ragnheiður Ragnarsdóttir 3, Karen Helga Diönuðóttir 3, Ragnheiður Sveinsdóttir 2, Maria Ines De Silve Pereira 2, Guðrún Erla Bjarnadóttir 1/1.

Fram: Hildur Þorgeirsdóttir 7, Hafdis Shizuka Iura 4, Steinunn Björnsdóttir 4, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 4, Ragnheiður Júlíusdóttir 4, Rebekka Rut Skúladóttir 3, Elva Þóra Arnardóttir 1, Marthe Sórdal 1.

Domino's-deild karla

Stjarnan - Skallagrím. 83-80

Stigahæstir: Marvin Valdimarsson 22, Tómas Heiðar Tómasson 13, Tómas Þórður Hilmarsson 10, Arnþór Freyr Guðmundsson 10, Ágúst Angantýsson 10 - Flenard Whitfield 27/10 fráköst, Sigtryggur Arnar Björnsson 17/7 fráköst/8 stoðs.

Snæfell - Grindavík 80-88

Stigahæstir: Árni Elmar Hrafnsson 28/10 fráköst, Christian Covile 25/11 fráköst - Lewis Clinch Jr. 34, Ólafur Ólafsson 22.

Keflavík - Haukar 76-68

Stigahæstir: Hörður Axel Vilhjálmsson 24/10 fráköst/6 stoðs., Amin Khalil Stevens 16/14 fráköst, Reggie Dupree 15 - Sherrod Nigel Wright 25, Haukar Óskarsson 12.

ÍR - Þór Ak. 100-78

Stigahæstir: Quincy Hankins-Cole 30/9 fráköst, Matthías Orrí Sigurðarson 28/9 fráköst/12 stoðs., Danero Thomas 17 - Darrel Keith Lewis 25/13 fráköst, Tryggvi Snær Hlinason 15/7 fráköst, Þröstur Leó Jóhannsson 12.

Tindastóll - Þór Þ. 83-76

Stigahæstir: Pétur Rúnar Birgisson 19/8 fráköst/7 stoðs., Björgvin Hafþór Rikharðsson 17/7 fráköst, Viðar Ágústsson 14, Helgi Rafn Viggósson 14/7 fráköst - Tobin Carberry 24/8 fráköst, Magnús Breki Þórðason 13.

| Efri | Neðri |
|-------------|-------|
| KR | 28 |
| Tindastóll | 28 |
| Stjarnan | 28 |
| Grindavík | 22 |
| Þór Þ. | 20 |
| Keflavík | 20 |
| ÍR | 18 |
| Þór Ak. | 18 |
| Njarðvík | 18 |
| Skallagrím. | 14 |
| Haukar | 12 |
| Snæfell | 0 |

RANIERI REKINN

Leicester City rak í gær ítalska knattspyrnustjórnann Claudio Ranieri. Leicester varð Englandsmeistari undir stjórn Ranieris í fyrra en í vetur hefur hvorki gengið né rekið hjá liðinu. Leicester er í fallbaráttu og úr leik í ensku bikarkeppninni. Ranieri stýrði Leicester í síðasta sinn gegn Sevilla í Meistaradeildinni í fyrradag.

Í dag

| | |
|---------------------------|------------|
| 19.00 Honda Classic | Golfstöðin |
| 19.00 KR - Fjölnir | Sport 2 |
| 19.25 Wolfsburg - Bremen | Sport 4 |
| 19.40 Wolves - Birmingham | Sport 3 |
| 19.45 Njarðvík - KR | Sport |
| 22.00 Kórufuboltakvöld | Sport |



GO CRAZY

FÖSTUDAG, LAUGARDAG & SUNNUDAG



25% AF ÖLLUM
VÖRUM

Vildi alltaf keppa fyrir Ísland

Snorri Einarsson er fæddur og uppalinn í Noregi en keppir nú fyrir íslenska landsliðið í skídagöngu. Hann verður í eldlinunni á HM í Lahti á morgun og stefnir hátt. „Ég var rosalega ánægður þegar ég fékk símtalið frá Skíðasambandinu,“ segir hann.

SKÍÐAGANGA Þó svo að skíðaganga hafi verið vinsæl almenningsíþrótt hér á landi um árabil hefur Ísland átt fáa afreksmenn og -konur í greininni á alþjóðavísu. Einar Ólafsson og Daniel Jakobsson hafa báðir keppt á Vetrarólympíuleikum og Sævar Birgisson keppti á leikunum í Sotsji fyrir þremur árum.

Í vikunni hófst heimsmeistaratótið í skíðagöngu í Lahti í Finnlandi og er Ísland þar með fjóra fulltrúa. Elsa Guðrún Jónsdóttir, sem vann undankeppni kvenna í skíðagöngu í fyrradag, er eina konan en auk hennar og Sævars Keppa Brynjar Leó Kristinsson og Snorri Einarsson fyrir hönd Íslands.

Snorri er þaulreyndur 31 árs skíðagöngumaður sem hefur náð frábærum árangri á ferli sínum. Hann er þó að keppa fyrir hönd Íslands á stórmóti í skíðagöngu í fyrsta sinn. Hann er fæddur og uppalinn í Noregi, á íslenskan föður en norska móður, og keppti þar til á síðasta ári undir merkjum Noregs.

Heimsækir Ísland árlega

„Mig hefur alltaf langað að keppa fyrir Ísland,“ sagði Snorri í samtali við Fréttablaðið í gær en hann hafði þá nýlengi á æfingu í Lahti. Snorri keppir í sinni aðalgrein, 30 km skiptigöngu, á morgun.

„Fyrir sex árum könnuðum við málið og þá var ekki hægt að verða við öllu sem þurfti að gera til að það myndi ganga í gegn. En nú passar það mér mun betur og ég var rosalega ánægður þegar ég fékk símtalið frá Skíðasambandinu. Auðvitað vildi ég keppa fyrir Ísland,“ segir hann.

Snorri bjó á Íslandi í eitt ár og hóf raunar grunnskólagöngu sína á Íslandi. En þess utan hefur hann verið búsettur í norðurhluta Noregs og býr nú í Tromsø. Þrátt fyrir að það var ekki töluð íslenska á heimilinu hans talar Snorri mjög góða íslensku.

„Ég lærði mikið af því að búa í eitt ár á Íslandi auk þess sem við reynum að heimsækja ættingja okkar á Íslandi að minnsta kosti einu sinni á ári. Það verður vonandi enn meira

Ástandið versnaði þannig að kvef varð að sex vikna veikindum. Um tíma hélt ég að ég myndi aldrei komast á lappir.

Snorri Einarsson

um heimsóknir til Íslands eftir að ég byrjaði að keppa fyrir Ísland,“ segir hann enn fremur.

Kvef varð að slæmum veikindum

Snorri hefur síðustu tvö árin keppt fyrir Team Santander sem keppir í löngum vegalengdum. Það hefur gert Snorra kleift að æfa sem atvinnumaður í tvö ár. Hann var á góðu róli í haust og náði til að mynda frábærum árangri á sterku FIS-móti í Finnlandi þar sem hann hafnaði í öðru sæti. Fékk hann þá besta punktaárangur íslensks skíðagöngumanns frá upphafi.

Veikindi settu þó strik í reikninginn í lok síðasta árs. Venjulegt kvef varð að langvarandi veikindum sem kostaði hann þátttöku á sterkum mótum og takmarkaði undirbúning hans fyrir mótið í Lahti.

„Ég var að æfa í mikilli hæð þegar ég veiktist. Ég fór svo of snemma aftur af stað og leið ekki nógu vel. Ástandið versnaði þannig að kvef varð að sex vikna veikindum,“ útskýrir hann.

„Um tíma hélt ég að ég myndi aldrei komast aftur á lappir,“ segir hann í léttum dúr. „En ég hef sem betur fer náð ágætum undirbúningi fyrir mótið og allt er eins og það á að vera núna.“

Vill komast á topp 20

Snorri mun keppa í 30 km skiptigöngu á morgun og vonast hann eftir því að verða á meðal 30 efstu keppenda. „Jafnvel topp 20 ef allt gengur svakalega vel,“ segir Snorri sem á silfur í þeirri grein frá norska meistaramótinu, sem út af fyrir sig er eitt allra sterkasta mót heims.

„Við skulum sjá til hvernig gengur.



Snorri Einarsson stefnir á að vera á meðal 30 efstu keppenda í 30 km skiptigöngu á HM í Lahti. MYND/SKÍÐASAMBAND ÍSLANDS

Ég hef ekki æft frjálstu gönguna mjög mikið eftir að ég byrjaði að keppa í lengri vegalengdum, sem er allt með hefðbundinni göngu. En ég vonast auðvitað til þess að ná góðum árangri,“ segir Snorri sem er nú þegar búinn að tryggja sér þátttöku-

rétt á Vetrarólympíuleikum sem fara fram í Suður-Kóreu á næsta ári.

Snorri vonast til þess að skíðaganga öðlist meiri vinsældir á Íslandi sem afreksíþrótt. „Það er engin ástæða til að ætla annað en Íslendingar geti náð í fremstu röð í

skíðagöngu eins og öðrum íþróttagreinum. Það myndi breyta miklu ef það væri hægt að koma upp aðstöðu svo að hægt sé að æfa allt árið, eins og er algengt í Noregi. Við getum komið okkur í fremstu röð ef okkur langar til.“ eirikur@frettabladid.is

Sebrahestarnir úr Vesturbænum oft hátíðarmatur í Ljónagryfjunni

KÖRFUBOLTI Njarðvíkingar fá tækifæri til að hitamæla liðið í kvöld þegar liðið fær Íslands- og bikarmeistarar KR í heimsókn í Ljónagryfjunni í Njarðvík.

Njarðvíkingar hafa unnið fimm af síðustu sex leikjum sínum í Domino's deildinni eða jafnmarga deildarsigri og KR-ingar frá og með 13. janúar. Njarðvík hefur unnið bæði Tindastól og Stjörnuna á þessum tíma og getur nú lokað toppliða hringnum með sigri í kvöld. Leikur Njarðvíkur og KR hefst klukkan 20.00 í kvöld og verður sýndur beint á Stöð 2 Sport. Þetta er lokaleikur 19. umferðarinnar.

Sebrahestarnir úr Vesturbænum hafa oft verið hátíðarmatur í Ljónagryfjunni á síðustu árum því KR-liðið hefur margt verið þar

Flest tölpu KR í einstökum íþróttahúsum

Leikir á Íslandsmóti og í bikar í þjálfaratíð Finns Stefánssonar

| | |
|--------------------------|---|
| DHL-höllin, Frostaskjólí | 6 |
| Ljónagryfjan, Njarðvík | 5 |
| Síkið, Sauðárkróki | 3 |
| Ásgarður, Garðabæ | 2 |

í vandræðum undanfarin fjögur tímabil. KR-ingar hafa tapað fimm sinnum í Njarðvík á Íslandsmóti (4) eða í bikar (1) í þjálfaratíð Finns Freys Stefánssonar eða oft en í öllum öðrum húsum fyrir utan DHL-höllina.

KR-liðið hefur samt unnið

deildarleiki sína í Ljónagryfjunni undanfarin ár en tapað leikjunum í úrslitakeppni og bikarkeppni í húsinu. Við þetta bætist vandræðalega frammistaða KR-liðsins í fyrri leik liðanna þar sem Njarðvíkingar unnu ellefu stiga sigur í DHL-höllinni og héldu meisturunum í aðeins 61 stigi.

KR-ingar töpuðu óvænt á Akureyri í síðasta útileik sínum en svöruðu því með sannfærandi sigri á ÍR í síðustu umferð. Sigur kemur Vesturbæingum enn nær deildarmeistaratitlinum en heimamenn í Njarðvík eru í mikilli baráttu um að fá að vera með í úrslitakeppninni. Það verður allavega saga til næsta bæjarverði Njarðvíkingar með fullt hús á móti Íslandsmeisturunum í vetur. – ój



Logi Gunnarsson í fyrri leik KR og Njarðvíkur í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

LA LIGA | SUNNUDAG | 15:10 | **2 SPORT**



Trade Online
PLUS500



LaLiga



CHELSEA FOOTBALL CLUB

Laugardag kl. 14:50

#CHESWA



Premier League



NBA

LOS ANGELES **LAKERS**

SAN ANTONIO **SPURS**


NBA Á NÝJUM TÍMA | SUNNUDAG | 20:30 | **2 SPORT**

LENGJUBIKARINN | LAUGARDAG | 15:15 | **2 SPORT**




SPORTPAKKINN

EFLCUP



MANCHESTER UNITED



ÚRSLITALEIKUR | SUNNUDAG | 16:20 | **2 SPORT**

TÍMAMÓT



Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

Laufey Sólmundsdóttir
hjúkrunarheimilinu Mörk,
áður Einimel 12, Reykjavík,

lést á heimili sínu sunnudaginn
19. febrúar. Útför hennar fer fram frá
Neskirkju þriðjudaginn 28. febrúar kl. 13.00.

Magnús Björn Jónsson
Ellert Már Jónsson
Ágúst Már Jónsson
Sólmundur Már Jónsson
Björn Már Jónsson
Guðrún Rós Jónsdóttir

Kristin V. Á. Sveinsdóttir
Hildur Ríkarðsdóttir
Guðný Þorvarðardóttir
Halla Margrét Jóhannesdóttir
Melkorka Gunnarsdóttir
Jochen Kattoll
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Kristinn Siggeirsson
Hörgslandi á Síðu,

andaðist á hjúkrunar- og
dvalarheimilinu Klausturhólum
sunnudaginn 19. febrúar sl. Útförin fer fram
frá Prestsbakkakirkju laugardaginn 25. febrúar kl. 13.00.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim
sem vilja minnast hans er bent á Prestsbakkakirkju á Síðu.
Rnr: 0317-26-000520. Kt. 520269-5769.

Ólafía Jakobsdóttir
Jakob Kristinsson
Sigurður Kristinsson
Soffía Kristinsdóttir
Gunnlaugur Kristinsson

Anna Harðardóttir
Rúnar Þór Bjarnþórsson
Þórdís Högnadóttir
og barnabörn.



Lilja Sigurðardóttir

lést þann 11. febrúar sl.
Jarðarförin hefur farið fram.

Sigurður Loftsson og fjölskylda
Sigurður Jónsson
Gyða Sigurðardóttir og fjölskylda
Sigurður Sigurðsson og fjölskylda
Þorsteinn Sigurðsson og fjölskylda



Ástkær móðir, tengdamóðir,
amma og langamma,

Helga Ingibjörg Helgadóttir
áður til heimilis að
Fannborg 8, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 15. febrúar.
Útför hennar fer fram í Kópavogskirkju,
föstudaginn 3. mars kl. 15.00.

Einar Axel Kristinsson
Jón Ómar Svansson
Svanfríður Ósk Svansdóttir
Helga Kristín Einarsdóttir

Elsa Hafsteinsdóttir
Hallgrímur Hallgrímsson
Friðgeir Daði Bjarnason
og ömmubörn.



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar og afi,

Ingólfur Karl Sigurðsson
bakari og matreiðslumaður,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans
14. febrúar. Útförin hefur farið fram í
kyrrþey að hans ósk. Þökkum sýndan
samhug og veittan stuðning.

Maja, Sóley, Guðný og Karitas

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli
og útfarir má senda á netfangið
timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 512 5000.



Helga Sif lærði í bæði LHI og í Konstfack-listaakademiunni í Stokkhólmi.

Lætur efnivið ráða ferðinni

Helga Sif Guðmundsdóttir myndhöggvari færði út kvíarnar árið 2014 og hóf að hanna skartgripi. Nýverið sendi hún frá sér skartgripalínu sem er náskyld myndlist hennar.

Hugmyndafræðin er sprottin úr myndlistarverkum mínum en þar geng ég alltaf fyrst út frá efninu og læt eðli þess móta og forma verkið," segir Helga aðspurð út í nýju línuna sem unnin er úr brassi og ferskvatnsperlum. „Í myndlistinni og skartgripahönnuninni vinn ég fyrst og fremst með efni og virkni þess. Sú hugsun og vinnubrögð sem ég hef tileinkað mér í myndlistinni nýtist mér í allri sköpun. Ég hef ákveðið að leyfa þessu að flæða inn í hvort annað í stað þess að aðgreina og setja í hölf eins og manni er oft tamt. Ég lít svo á að öll

Ég lít svo á að öll sköpun næri aðra sköpun.

sköpun næri aðra sköpun," útskýrir Helga Sif.

„Ég vinn skartið með einfaldleika að leiðarljósi og það er fyrst og fremst sjálf keðjan sem er upphafið að mótun og endanlegu formi skartsins. Ég vil helst komast upp með að nota sem fæst hráefni og láta þau sem ég nota hverju sinni njóta sín sem best," segir hún.

Helga Sif sækir innblástur í textilhefðir, bæði í myndlist sinni og í skartgripahönnun. „Já, innblásturinn kemur í gegnum textilhandverk af ýmsum toga en einnig náttúrunni. Og síðan má ekki gleyma byggingavörubúðum, smiðjum og smiðaverkstæðum," segir Helga sem fær greinilega innblásturinn úr öllum áttum.

Helga Sif er með skartið sitt til sölu í versluninni Hlín Reykdal Stúdíó og þar verður hún með innsetningu á Hönnunarsars. „Þá ætla ég að vinna verk í verslunarrýmið þannig að ég mun láta myndlistina og skartið flæða saman í eitthvað skemmtilegt." gudnyhronn@365.is



Hjartans þakkir fyrir samúð ykkar og hlýjan hug vegna fráfalls okkar elskaða

Helga Jóhannssonar

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki taugadeildar og MND teymis LSH í Fossvogi og þeim fjölmörgu öðrum sem sinntu Helga í veikindum hans og aðstoðuðu með margvíslegum hætti.

Hjördís Margrét Bjarnason og fjölskylda.



Ástkær eiginkona mín, móðir mín, tengdamóðir og amma,

Heiðrún Hulda Guðmundsdóttir

Klukkuvöllum 1, Hafnarfirði,
lést á heimili sínu í faðmi fjölskyldu
sinnar sunnudaginn 19. febrúar.
Jarðsett verður frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn
3. mars klukkan 15.00.

Björn Matthíasson
Sólborg Gíga Guðmundsd.
Guðrún Hulda Sigurðardóttir
Heiðrún Hanna Kjartansd.

Kjartan Þorvaldsson
Hermann Örn Sigurðarson
Úlfur Orri Kjartansson



Ástkær bróðir okkar, mágur og frændi,

Jónas Ingi Árnason

rafeindavirki,
Hjallalundi 20, Akureyri,
lést föstudaginn 17. febrúar
á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Útförin fer
fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn
2. mars kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að
láta Sjúkrahús Akureyrar njóta þess.

Jóhannes Árnason
Sigurður Kristinsson
Árni Viðar og Ævar Ingi Jóhannessynir
Björg Unnur, Kolbrún og Rúna Kristín Sigurðardætur
og fjölskyldur.

Sólveig Þóra Jónsdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Magneu Gestrúnar Gestsdóttir

Sérstakar þakkir fær starfsfólkið á hjúkrunarheimilinu Mörk fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

Eygerður Guðbrandsdóttir
Gestur Guðbrandsson
barnabörn og langömmubarn.

Jóhannes Sturlaugsson
Þórdís Sæmundsdóttir

EINS OG ÞJÓÐHÁTÍÐ OG ÞORLÁKSMESSA

Food and Fun er nú haldin í 16. sinn en ævintýrið hófst árið 2002. Hátíðin sló strax í gegn og hefur hlaðið utan á sig með hverju árinu. Framkvæmdastjórinn **Siggi Hall** segir hátíðina bera hróður íslenskrar matargerðar um allan heim.



Lífssíll

Ragnheiður Tryggvadóttir

heida@365.is



„Það hlýtur að mega rekja flestar góðar og jákvæðar umsagnir í erlendum miðlum um íslenska matargerð, um hvað Reykjavík er æðisleg og veitingastaðirnir smart og flottir og kokkarnir klárir, til Food and Fun. Allavega að talsverðu leyti,“ segir Siggí Hall, matreiðslumeistari og framkvæmdastjóri matarhátíðarinnar Food and Fun, en hún brestur á með látum í Reykjavík miðvikudaginn 1. mars.

Hátíðin var sett á laggirnar árið 2002 og fer hún nú fram í sextánda sinn.

„Food and Fun var sameiginlegt átak sem farið var í af Icelandair, Iceland Naturally, íslenskum landbúnaði og Reykjavíkurborg en markaðssetning á íslenska lambakjötinu stóð þá sem hæst í Bandaríkjunum og með góðum árangri. Okkur fannst að það mætti kynna Ísland á fjölbreyttari hátt, ekki bara sem fjöll og firnindi heldur kynna íslenskan mat, tónlist og lífsstíl. Við ákváðum því að gera matarfestival á Íslandi á svipuðum nótum og verið var að gera með íslenska tónlist á Iceland Airwaves. Ég var fenginn til að búa þennan viðburð til ásamt Baldvini Jónssyni og Magnúsi Stephensen frá Icelandair, ég varð framkvæmdastjóri árið 2004 og hef verið það síðan,“ segir Siggí.

„Fyrst voru fengnir jafnmargir kokkar frá Bandaríkjunum og Evrópu til að fara í samstarf með íslenskum veitingastöðum. Kokkarnir unnu með íslenskt hráefni og bjuggu til matseðla og allt var

á einu verði. Planið var að gera úr þessu skemmtilega viku og það tókst. Hátíðin sló í gegn og hefur í raun slegið í gegn á hverju einasta ári. Hún hefur að sjálfsögðu þróast gegnum árin en heldur þó nokkuð sama formi. Hún hefur stækkað en fjöldi veitingastaða í Reykjavík hefur aukist gríðarlega á síðustu árum. Þegar við vorum að byrja vorum við í vandræðum með að fylla í öll pláss en nú verðum við að vísa frá. Food and Fun er orðið að föstum liði í þjóðlífinu, bara eins og Þjóðhátíð og Þorláksmessa,“ segir Siggí.

LAÐAR GESTI AÐ

Food and Fun hefur frá upphafi farið fram í byrjun mars. Tilgangur tímasetningarinnar var að teygja úr ferðamannatímanum og fá fólk til að heimsækja landið þó kuldalegt geti verið um að litast á þessum tíma árs. Í dag er þó varla hægt að tala um jaðartíma í ferðamannaíðnaðinum, túristar streyma til Íslands allan ársins hring. Siggí segir Food and Fun eiga að hluta til heiðurinn af því. Ekki bara vegna umfjöllunar um hátíðina í Reykjavík í erlendum miðlum, Food and Fun hefur einnig farið í víking út.

„Við höfum ekki bara verið með Food and Fun hér heima heldur höfum við sett upp viðburðakynningar undir merkjum Food and Fun og Íslands víða um heim, meðal annars í stórborgum eins og New York og Washington, Boston, St. Pétursborg og París. Við höfum einnig slegið upp Food and Fun undir íslenskum merkjum í Finnlandi, á Spáni og víðar. Þá fara íslenskir kokkar út og vinna með veitingahúsum á þessum stöðum. Þetta hefur tekist afar vel. Food



Siggí Hall lofar frábærri skemmtun og matarupplifun á Food and Fun.



„Lambakjötið okkar, þó það hljómi eins og klisja, er mjög sérstakt kjöt fyrir það hvernig féð er alið og hvernig það fóðrar sig sjálft og frjálst.“ MYNDIR /SIGURJÓN RAGNAR

and Fun í Finnlandi er til dæmis að verða ein vinsælasta matarhátíð Finnlands,“ segir Siggí.

ENGIR HRÚTSPUNGAR Í SPARIFÖTUM

„Íslensk matargerð er fyrst og fremst nútímaleg. Það er ekki verið að tala um að færa hrútsþunga og þennan gamla íslenska mat í nútímabúning, heldur er verið að búa til fina og flotta rétti úr þessu frábæra hráefni sem Ísland hefur alið af sér,“ útskýrir Siggí inntur eftir því hvað sé sérstakt við íslenska matargerð.

„Ísland er fyrst og fremst matvælaframleiðsluland, ein af stærri fiskveiðiþjóðum í heimi og með landbúnað sem er engu líkur. Lambakjötið okkar, þó það hljómi eins og klisja, er mjög sérstakt kjöt fyrir það hvernig féð er alið og hvernig það fóðrar sig sjálft og frjálst. Fiskurinn er ferskur og svo held ég að margir átti sig hreinlega ekki á hversu vönduð grænmetisframleiðsla fer hér fram. Hér er komin fram fjórða kynslóð af tómatræktendum, bara eins og vínframleiðendur í Frakklandi. Hér er ræktað við hreint vatn í hreinu lofti sem skilar sér í matinn. Svo eigum við alla þessa frábæru kokka sem hafa lært um allan heim og færa kunnáttuna heim svo veitingastaðirnir blómstra. Íslensk matreiðsla er að svo mörgu leyti öðruvísi en til dæmis dönsk eða sænsk matreiðsla. Það er einhver sérstakur tónn í henni, bara eins og við þekkjum í íslenskri tónlist.“

FRÆGD Á FOOD AND FUN

Siggí segir Food and Fun hafa skotið mörgum matreiðslumönnum upp á stjörnuhimininn í bransanum. Hann nefnir hinn danska René Redzepi, eiganda veitingastaðarins



Íslensk matreiðsla er að svo mörgu leyti öðruvísi en til dæmis dönsk eða sænsk.

„Íslensk matargerð er fyrst og fremst nútímaleg. Það er ekki verið að tala um að færa hrútsþunga og þennan gamla íslenska mat í nútímabúning, heldur er verið búa til fina og flotta rétti úr þessu frábæra hráefni sem Ísland hefur alið af sér.“ Siggí Hall

Noma, en hann státar af tveimur Michelin-stjörnum.

„René kom óþekktur og tók þátt í Food and Fun á sínum tíma, sló í gegn og fór í sín fyrstu blaðavíðtöl í framhaldi af því. Gunnar Karl Gíslason, kenndur við Dill, er nú þekktasti kokkur okkar Íslendinga með nýfengna Michelin-stjörnu upp á vasann. Hann opnaði veitingastað í New York og verð ég ekki að leyfa mér að segja að sambönd hans og kynni gegnum Food and Fun hafi örugglega hjálpað til,“ segir Siggí Hall glettinn.

Hann lofar glæsilegri matarhátíð sem enginn megji missa af. „Það hefur aldrei verið sterkara teymi af kokkum á Food and Fun en í ár. Þetta verður stórkostlegt.“

Vitamix.



Kælitækni

Veitingastaðir, kaffihús
Ísbúðir & booztbarir velja
Vitamix blandara



Rauðagerði 25 · 108 Reykjavík · Sími 440 1800 · kaelitaekni.is

Okkar þekking nýttist þér

Food & Fun

1-5.MARS



www.foodandfun.is

VEISLA FRAMUNDAN

Matarhátíðin Food and Fun hefst 1. mars og stendur yfir til sunnudagsins 5. mars. Í ár mæta sautján matreiðslumenn til leiks og matreiða á sextán af betri veitingahúsum landsins. Hér verða þeir kynntir til sögunnar ásamt matseðlum.

BAZAAR ODDSSON

Michael Ginor og Lenny Messina



Gestakokkar Bazaar Oddsson í ár eru þeir Michael Ginor og Lenny Messina frá Bandaríkjunum. Michael Ginor er í fremstu röða amerískra matreiðslumeistara og einn aðal-eigandi Hudson Valley Foie Gras andabúgarðsins í New York fylki sem sérhæfir sig í andalífur. Einnig er hann eigandi veitingastaðarins Lola á Long Island sem nýtur mikilla vinsælda auk þess sem hann hefur gert sjónvarpsþætti um matargerð á framandi stöðum.



Ástríða Lenny Messina fyrir matargerð byrjaði snemma og átti faðir hans þar stóran hlut að máli en hann var þekktur matreiðslumeistari. Hann nam við Barry Tech Boces og State University of New York. Lenny hefur hlotið fjölda viðurkenninga, m.a. frá The New York Guild of Baking

and Pastry, American Culinary Federation, Societe Culinaire Philanthropique and Skills USA. Árið 2012 vann lið hans til verðlauna í þremur keppnum á vegum American Culinary Federation og eftir það hefur leiðin bara legið upp á við.

Michael Ginor og Lenny Messina eru gestakokkar á Bazaar Oddsson á Food & Fun. Nánari upplýsingar á www.bazaaroddsson.is.

FOOD & FUN MATSEÐILL

Starter plate

Forréttaplatti
Scallop - Osetra, Squid Ink, Preserved Lemon
Hörpuskel - kaviár, smokk-fiskur, súrsuð sítróna

Cod Cheek Pil Pil - Olive Oil, Garlic, Chorizo
Þorskinningar - ólífuolía, hvítlaukur, chorizo

Hudson Valley Foie Gras Torchon - Banana, Grape, Almond
Hudson Valley Foie Gras Torchon - banani, vínber, möndlur

Sea Urchin Flan - „Royal“
Ígulkeru flan - „konunglegt“

Fish course

Fiskiréttir
Monkfish & Langoustine - Thai Yellow Curry, Purple

Yam, Coconut - Kaffir Lime Emulsion

Skötuselur & humar - gult thai-karrý, fjölbláar sætar kartöflur, kókós - kaffir lime safi

Meat course

Kjötréttir
Duck Breast and Confit - Bastilla, Seared Hudson Valley Foie Gras, Moroccan Carrot
Andabringa og confit - Bastilla, steikt Hudson Valley gæsaliður, marrokkóskar gulrætur

Dessert

Eftirréttur
Skyr - Smoked Honey, Seabuckthorn, Cocoa
Skyr - reykt hunang, hafþyrnisber, kakó

Menu / Matseðill **8.500 kr.**

With Selected Wines / Með Völdum Vínunum **16.500 kr.**

GEIRI SMART



Brandon Baltzley

Brandon Baltzley kemur frá Suðurríkjum Bandaríkjanna og hefur starfað á fjölmörgum Michelin-stjörnu veitingahúsum bæði í New York og í Chicago. Hann er sagður vera rödd þeirrar matargerðarlistar sem á rætur sínar að rekja til frumbyggja og hirðingja í Bandaríkjunum. Í dag rekur hann veitingastaðinn The Buffalo Jump í Massachusetts í Bandaríkjunum ásamt eiginkonu sinni Laura Higgins-Baltzley. Utan þess að vera matreiðslumaður titlar hann sig gjarnan sem tónlistarmann, bónda, rithöfund, fyrirlesara og ljósmyndara. Sannarlega fjölhæfur maður sem á eftir að láta ljós sitt skína á Food and Fun í ár.

Brandon Baltzley er gestakokkur Geira Smart á Food & Fun. Nánari upplýsingar á www.geirismart.is.

FOOD & FUN MATSEÐILL

Hörpuskelstartar
nautafita, þangskegg, kombu
Scallop Tartare
beef fat, sea truffle, kombu
Reykt og pikluð bláskel
súrkál, kartöflur, seljurót
Smoked and Pickled Mussels
sour cabbage,
potatoes, celeriac

Grillaður urriði

kryddjurtir, piparrót,
brennt brauð
Grilled Sea Trout
bitter and spicy greens,
horseradish, burnt bread

Íslenskt lambasirloin og -hjarta
grænkál og leturhumarsósa
Icelandic Lamb
Sirloin and Heart
kale and a sauce
of langoustine

Frosið skyr

morgunfrú og pikluð næpa
Frozen Skyr
marigold and pickled turnip

Omnom súkkulaði

villisveppir, fura, rúgur
Omnom Chocolate
wild mushroom, pine, rye

Matseðill/Menu **8.500 kr.**

Með völdum vínunum/With selected wines **16.500 kr.**

KITCHEN AND WINE

Jonas Lundgren



Jonas Lundgren er eitt af þekktustu kokkanöfnum Svíþjóðar og hlaut m.a. silfurverðlaun í Bocuse d'Or keppninni árið 2009. Hann hefur m.a. unnið á Michelin-stjörnu veitingahúsum The Square í London, Pierre Gagnaire í París, The French Laundry í Kaliforníu og á Bagatelle í Ósló þar sem hann var yfirmatreiðslumeistari í rúmlega

þrjú ár. Á árunum 2011-2014 rak hann veitingastaðinn vinsæla Jonas and Jonas Food & Wine Bar í Stokkhólmi og þar á eftir Yolo í úthverfi Stokkhólms. Undanfarin ár hefur hann einnig stýrt vinsælum þáttum í morgunsjónvarpi um heilsumat og vegan mat.

Jonas Lundgren er gestakokkur Kitchen and Wine á 101 Hotel. Nánari upplýsingar á www.kitchenandwine.is.

FOOD & FUN MATSEÐILL

Króketta, sitrus,
græn vinaigrette
Romain salat, kapers
& reykt mayonnaise


Kolagrillaðir
jarðskokkar, piparrótar-
krem & vatnakarsi

Gljád sellerirót, sveppir,
egg & svartir jarðsveppir
(Aðalréttur er framreiddur
með möguleika á að bæta
við kjúklingi eða þorski)

Súkkulaðifrauð,
kókós, kryddjurtu sorbet

GALLERY RESTAURANT

Beatriz Gonzalez



Beatriz Gonzalez hóf feril sinn ung að árum í Frakklandi. Sólgin í uppgötvanir og frekari ævintýri hélt hún til Ítalíu til að læra tungumálið og kynna ríkri menningu landsins. Hún starfaði víða um landið og setti að lokum á fót veitingastaðinn Neva Cuisine í París ásamt eiginmanni sínum. Árið 2014 opnaði hún annan veitingastað í sömu borg undir heitinu The Cor-

retta, við góðar undirtektir. Það verður enginn svikinn af matseðli Beatriz á Food and Fun þetta árið.

Beatriz er gestakokkur Gallery Restaurant á Hótel Holti á Food & Fun. Nánari upplýsingar á www.holti.is.

FOOD & FUN MATSEÐILL

Klausturbleikja
og selleripúði
Artic char and
celery pillow

Smokkiskur „sous vide“
og kryddaður rabarbari
með kinværskri rós, reyktar
kartöflur og pistasíur
Squid „sous vide“, rhubarb,
smoked potatoes and pistachio praline

Þorskhnakki „grenobloise“ - capers, sítróna,
smjör og steikt brauð
Cod „Grenobloise“
- Kapers, lemon, butter
and fried bread

Svínasiða - langtímaelduð
í bjór og grænn aspás
Slow cooked pork belly
and green asparagus

Paris-Brest. Vatnsdeig &
„praline“ krem, til heiðurs
Paris-Brest-Paris hjólreiðakeppninnar árið 1891

Matseðill / Menu **8.500 kr.**

VÍNPAKKI - 4 GLÖS
4 GLASSES OF WINE

Réne Muré Signature
Pinot Gris
Domaine Chanson Chablis

Rioja Roda „Reserva“ 2009
Morandé Late Harvest
Sauvignon Blanc

Verð / Price **11.900 kr.**

SLIPPBARINN

Ryan Ratino



Ryan Ratino gekk til liðs við veitingahúsið virta og vinsæla Ripple nýlega en það er í Washington, höfuðborg Bandaríkjanna. Undanfarin ár hefur hann komið víða við og starfað á mörg vinsælum og virtum veitingastöðum í Bandaríkjunum. Hann starfaði í mörg ár á Michelin-veitingastaðnum Caviar Russe í New York, á Shula's Steak House í Flórída og á veitingastaðnum Bluezoo í Orlando sem var valinn einn af tíu bestu litlu veitingstöðum borgarinnar nýlega.

Hann útskrifaðist frá Le Cordon Bleu í Orlando og kemur með ferska og spennandi strauma á Food and Fun hátíðina í ár.

Ryan Ratino er gestakokkur Slippbarsins á Food & Fun. Nánari upplýsingar á www.slippbarinn.is.

FOOD & FUN MATSEÐILL

Urriði „crudo“.

Sjavarbaunir - svertað lime
- hreðkur

Foie Gras - Andalifur
Kardemommur - brioche -
grænar plómur - Sautearne

Ígulker í linguini

Sítróna - chili - ígulkerja-
hrog

Lambahryggur

Skyr - granatepli - mangó -
svartrót

Ambrosia ávaxtasalat

Tapióka - passiuávoxtur -
mangó - sorbetís-

MATARKJALLARINN

Jessie Miller



Jessie Miller kemur frá veitingastaðnum Bar Pilar sem er í hjarta Washington-borgar í Bandaríkjunum. Síðasta áratug hefur Bar Pilar komið með ferska nálgun á mat og kokteila en Jessie notar fersk hráefni frá framleiðendum á svæðinu. Þrátt fyrir það er maturinn alltaf í aðalhlutverki á Bar Pilar enda staður þar sem sem fólk kemur saman og góðar minningar verða til.

Jesse Miller er gestakokkur Matarkjallarans á Food & Fun. Nánari upplýsingar á www.matarkjallarinn.is.

FOOD & FUN MATSEÐILL

Smjörsoðinn
islenskur humar

Engifer, kókoshnetu-dashi, eldipipar
Butter poached
Icelandic langoustine
Ginger, coconut dashi, chili
Vínþörun: **Domaine Chanson Chablis**

„Straciatella“

Kombu, grænkál, dill
„Straciatella“
Kombu, kale, dill
Vínþörun: **Rene Muré
Signature Pinot Gris**

Lemongras brasseraður
lambaskanki

Steinseljurót, soja mariner-aðir shitake-sveppir, epli
Lemongrass
braised lamb shank
Parsnip, soya marinated
shitake, apples
Vínþörun: **Finca Las Moras
Black Label Malbec**

Mjólkur „gelató“

Polvon kex, kaffi
karamella, sitruskrem
Condensed milk „Gelato“
Polvon biscuit, coffee caramel,
lemon curd
Vínþörun: **Las Moras Late
Harvest Viogner**

Matseðill / Menu **8.500 kr.**

Með völdum vínnum / With selected wines **16.500 kr.**

KOLABRAUTIN

Carlo Bernardini



Carlo Bernardini ólst upp við hefðbundna matargerð ömmu sinnar í Fenejnum. Hann hefur ferðast víða um heim og starfað sem kokkur og komið að uppsetningu veitingastaða víða, m.a. fyrir Four Seasons hótelkeðjuna. Síðast setti hann á fót veitingastaðinn Bacaro Miami – Wine & Friends í Miami í Bandaríkjunum. Þar geta gestir gætt sér á miklu úrvali léttvína alls staðar að úr heiminum og notið góðra smárétta úr ferskasta hráefni hverju sinni.

Carlo Bernardini er gestakokkur Kolabrautarinnar á Food & Fun. Nánari upplýsingar á www.kolabrautin.is.

FOOD & FUN MATSEÐILL

Antipasti

straccitella ostur, sjávargrös, svartar trufflur, tómatar, basil
Straccitella cheese, Salicornia Roots,
Black Truffle, Tomatoes, basil

Primi

Risotto, rauðrófur, islensk hörpuskel,
þorsk-bottarga, appelsína
Risotto, Beet Root, Icelandic bay
Scallops, cod Bottarga,
Orange

Secondi

Tapenade hjúpað lamba-fillet, kóngasveppir, jarðskokkar, sætur hvítlaukur, tómatar confit, rucola pesto
Tapenade Crusted Loin of Lamb, Porcini Mushrooms, Artichokes, Sweet Garlic, Tomatoes Confit, Rucola Pesto

Dolci

24 mánaða parmesan ís, trufflu-hunang, súkkulaði og olíuolíu mousse, sjávarsalt
24 Months Aged Parmesan Cheese Ice Cream, truffle Honey, Olive oil Flavored Chocolate mousse

Verð /Price: **8.500**

Verð með trufflum með forrétt/

Price with Truffles with Antipasti: **9.500**

Sérvalin vín / Specially selected wines: **8.900**

VOX

Marcus Jernmark



Það var snemma ljóst hvert hugur Marcus Jernmark stefndi. Hann var 14 ára gamall þegar hann hóf störf í eldhúsi golfklúbbs í heimalandi sínu Svíþjóð. Hann á að baki fjölbreyttan feril þar sem hann starfaði m.a. hjá sænska sendiráðinu í New York þar sem hann matreiðdi ofan í kóngafólk, stórstjórnur, stjórnsmálmenn og Nóbelsverðlaunahafa. Síðar starfaði hann í nokkur ár

á hinum virta veitingastað Aquavit í sömu borg og sló þar í gegn á alþjóðavísu. Í dag hefur hann söðlað um og er kominn heim til Stokkhólms þar sem hann stjórnar matseld á Frantzen, veitingastað sem er talinn einn sá aðalframúr stefnulegasti á Norðurlöndum og státar af tveimur Michelin-stjörnum.

Marcus Jernmark er gestakokkur Vox á Food & Fun. Nánari upplýsingar á www.vox.is.

FOOD & FUN MATSEÐILL

Stökkt smokkfiskur, ostakrem & hrogn frá Kalix

Fried squid ink, aged cheese custard & white fish roe from Kalix

Íslensk hörpuskel, tortellini, ætíþistlar, brúnað smjör

Bay scallop tortellini-artichoke, barigoule-trout caviar, beurre noisette

Létteldaður þorskur & leturhumar

A very gently cooked cod & langoustine

Kolað lamb, myrkill, bjarnalaukur & kremað þang

Charred lamb, morels, ramson & caramelized kelp cream

Bókhveiti pönnukaka, PX siróp & vetrarjardsvæppir

Buckwheat pancake, PX syrup, & winter truffles

Matseðill / Menu **8.900 kr.**

GRILLIÐ

Toni Kostian



Toni Kostian er finnskur og útskrifaðist frá Perho-matreiðsluskólanum árið 2004. Eftir útskrift starfaði hann meðal annars á Michelin-staðnum Luomo, á G.W.Sundman's og sem yfirkokkur á Kaskis í Turku í Finnlandi.

Sjálfur lýsir hann matargerð sinni sem bragðgóðri, einbeittri og fullri af innblæstri auk þess sem hann leggur mjög mikla áherslu á

að hráefnið sé allt í hæsta gæðaflokki. Toni var valinn matreiðslumaður ársins í Finnlandi 2016.

Toni Kostian er gestakokkur Grillsins á Food & Fun. Nánari upplýsingar á www.grillid.is.

FOOD & FUN MATSEÐILL

JURT

Tartaletta með lífrænni eggjarauðu, karmelliserauðum lauk, finnsku korni og svörtum trufflum

KJÖT

Lambatartar með svartkáli, sinnepi og hey-reyktum beinmarg

FISKUR

Þorskur með grilluðum jarðskokkum, laukum og finnskum hvítfiskshrognum

VILLT

Hindberja- og rósaediks „granita“ með marengs og seyði úr gerjuðum villtum hindberjalaufum frá Länudåh Lapplandi

ENDIR

Furu canelés með kóngasveppa karamellu

Verð /Price: **8.500 kr**

VÍNSEÐILL

JURT

Wolftrap White 2013 [Viogner, Grenache blanc, Chenin blanc], Franschoek, S-Afrika

KJÖT

Bodegas La Horra, Corimbo 2011 [Tinta del País], Ribera del Duero, Spánn

FISKUR

Black Stallion Chardonnay 2014 [Chardonnay], Napa Valley, BNA

VILLT

Hardy Pineau le Coq'dor, Pineau des Charentes [Ugni blanc, Colombar, Folle Blanche], Charentes, Frakkland

Verð /Price: **8.900 kr.**

STEIKHÚSIÐ

Hamilton Johnson



Hamilton Johnson kemur frá höfuðborg Bandaríkjanna. Sérstaða hans liggur í blöndun á hefðbundnu og óvenjulegu hráefni þar sem útkoman þykir oft óvenjuleg en um leið ljúffeng.

Hamilton opnaði nýverið veitingahúsið Honeysuckle í Washington sem hefur fengið góða umfjöllun í fjölmiðlum. Matargerðin þar einkennist af suður-amerískum og asískum áhrifum. Hamilton er upprennandi stjarna í matreiðsluheiminum.

Hamilton Johnson er gestakokkur Steikhússins á Food & Fun. Nánari upplýsingar á www.steik.is.

FOOD & FUN MATSEÐILL

Anisgrafin bleikja, fennelmarmelaði, hafþyrnisberjaflan, pistasiu-dillkex, hrogn og léttisýrðar radísur

Anise cured char, fennel marmelade, seabuckthorn flan, pistachio-dill crisp, lump fish roe and light pickled radish

Réne Muré Signature Riesling

Steiktur humarhali, bræddur blaðlaukur, reykt svínasiða, stökkir jarðskokkar, söl og hörpuskelsmæjó

Fried langoustine, melted leeks, smoked pork, Jerusalem artichoke crisps, dulse and scallop mayones
Las Moras Chardonnay

Íslenskt lamba fillet, rúgbrauðshjúpur, bakað hvítt súkkulaði-steinseljurótar-krem, pikklaðar rauðrófur, rúgbrauðskrem og lambasöðgljái

Icelandic fillet of lamb, „rúgbrauðs“ crumble, baked white chocolate and parsnip purrée, pickled beets, „rúgbrauðs“ paste and lamb jus
Morandé Gran Reserva Merlot

Græneplaganit, fáfnisgrasmarengs, karamelluð sellerirót, selleribakstur og skyr

Green Apple granit, tarragon meringue, caramelized celery root, celery honeycomb and skyr
Paul Jaboulet Muscat de Beaumes de Venise

Matseðill/Menu **8.500 kr.**

Með völdum vínnum/With selected wines **14.900 kr.**

MATHÚS GARÐABÆJAR

John Lawson



John Lawson uppgötvaði ást sína á matreiðslu þegar hann vann sem ungur maður á krá föðurs síns í Bretlandi. Á undanförunum tólf árum hefur hann starfað á nokkrum af fremstu veitingastöðum Bretlands og New York borgar, þar á meðal No.8, Mr. Hive Kitchen & Bar og Maze sem var í eigu Gordons Ramsey. Auk þess kom hann við á Aurora í London og Michelin-veitingastaðnum Le Manoir Aux Quat'Saisons í Oxfordskíri í Bretlandi. Sannkallaður hvalreki fyrir íslenska mataráhugamenn.

John Lawson er gestakokkur á Mathúsi Garðabæjar á Food & Fun. Nánari upplýsingar á www.mathus210.com.

FOOD & FUN MATSEÐILL

Ertur

Mynta, sítróna, te

Túna, black and blue
Shiitakesveppir, soya, svartur hvítlaukur og radísur

Hörpuskel

Kampavín, þang, steinselja

Brasserað lamb
Perlubygg, skalottulaukur, rósmarín

Dökkt súkkulaði
Mandarínur, macadamiahnetur, kínóa

Food & Fun

BRYGGJAN BRUGGHÚS

Nathan Richard



Ástríða Nathans Richard fyrir mat kviknaði þegar hann aðstoðaði afa sinn við að rækta grænmeti, sinna búpeningi ásamt því að aðstoða föður sinn í eldhúsinu. Hann nam við Delgado Community College í Louisiana í Bandaríkjunum og starfaði á næstu árum þar á eftir víðsvegar um Bandaríkin og á Bresku Jómfrúaejrunum. Seinna lærði hann pylsugerð og kjötið í Frakklandi og á Ítalíu undir handleiðslu margra af bestu slátrurum Evrópu. Með

alla reynslu sína á bakinu sneri hann aftur til Bandaríkjaanna og hóf störf á Fig, McCrady's, Husk, and High Cotton í Suður-Karólínu. Louisiana kallaði þó á Richard sem sneri aftur heim í hjarta cajun-matargerðarinnar þar sem hann hóf störf á Cochon Lafayette. Í dag er hann yfirkokkur Kingfish Kitchen & Cocktails í New Orleans. Matarhjarða Richards slær í Louisiana og það munu gestir Bryggjunnar Brugghús finna á diskum sínum.

Nathan Richard er gestakokkur Bryggjunnar Brugghús á Food & Fun. Nánari upplýsingar á www.bryggjanbrugghus.is.

FOOD & FUN MATSEÐILL

Lystauki / Amuse Bouche

Fyllt „beignet“ með Louisiana-humri Gouda Pimento, „Comeback“ sósu, kjarnaldinssykri *Crawfish Stuffed Beignet, Gouda pimento cheese, Comeback sauce, Cayenne powdered sugar*

Hrossa- & gæsagumbo

Hrossa andouille pylsa, gæsabringa, hrísgrjón *Horse Andouille, Goose Gumbo, rice Gnarly Head Authentic Red*

Rauðbauna- og hrísgrjóna-hjúpuð hörpuskel

Beikon, vorgræna, kex „Red Bean & Rice“ *Crusted Scallops, Bacon, Collard greens, biscuits*

Finca Las Moras Pinot Grigio

Humar og korn

Humar, korn, „grillade“ sósa, reykt Tasso-skinka *Blackened Langoustine and Grits, Grillade gravy, Smoked Tasso Zorzal Terroir Unico Chardonnay*

Hægeldað lamb

Lambaskanki, rótargrænmeti, kornbrauðs dumplings *Braised Mutton, Root vegetables, Cornbread dumplings Portia Prima Ribera Del Duero*

Í lokin / In the end

„Banana's Foster“ brauðbaka með pekan-pralín sósu „Banana's Foster“ *Breadpudding with pecan-pralin sauce Hardy Pineau des Charantes*

Matseðill / Menu **8.500 kr.**

Með völdum vínunum / With selected wines **17.000 kr.**

SUSHI SOCIAL



Felipe Torres

Felipe Torres er fæddur í Kólumbíu og ákvað aðeins 12 ára gamall að verða matreiðslumaður. Eftir að útskrifast úr NY Institute of Culinary Education öðlaðist hann reynslu á vinsælustu veitingahúsum New York, m.a. á tveggja stjörnu Michelin-staðunum Il Sole. Árið 2010 fékk hann áhuga á perúskri matargerð og ferðaðist og starfaði í Perú til að læra meira. Þar heillaðist hann af innlendu hráefni, eldunarstílnum og bragðinu. Í framhaldinu þróaði hann sinn eigin stíl byggðan á nútíma perúskri matargerð í bland við eigin bakgrunn, reynslu og sköpunarkraft. Í dag starfar hann sem yfirmatreiðslumaður á veitingahúsinu Raymi.

Felipe Torres er gestakokkur Sushi Social á Food & Fun. Nánari upplýsingar á Facebook undir [Sushi Social](https://www.facebook.com/Sushi.Social).

HAUST RESTAURANT



John Kofod

John Kofod fæddist í Danmörku og hefur starfað víða um heim, m.a. í Bandaríkjunum, Ástralíu, Noregi, Nýja-Sjálandi og Frakklandi. Starfsferill hans hófst þó fyrir alvöru þegar John komst að í eldhúsinu hjá Erwin Lautherbach á Hotel Skovshoved og seinna hjá Restaurant Saison í Hellerup. Árið 1998 keypti hann Sortebro Kro og í dag getur hann sagt með stolti að staðurinn sé orðinn mjög farsæll. Honum við hlið er eiginkona hans Melina sem hefur yfirumsjón með útliti og þróun staðarins. John hefur gefið út matreiðslubækur, komið fram í sjónvarpsþáttum og tekið þátt í keppnum en það er hversdagsleikinn á veitingastaðnum sem skiptir hann allra mestu máli.

John Kofod er gestakokkur Haust Restaurant á Food & Fun. Nánari upplýsingar á www.haustrestaurant.is.

FOOD & FUN MATSEÐILL

Snakk / Snacks

Tómattarta *Tomato cake*

Sortebro skinka með reyktum osti *Sortebro ham with smoked cheese*

Gufusodinn blaðlaukur og íslensk innfjarðarækja

Steamed leek and Icelandic bay shrimp

Íslensk hörpuskel með reyktri smjör sósu *Icelandic scallop with smoked butter sauce*

Heilsteikt flúra með trufflum og ætipistlum *Fried fillet of sole with truffles and artichokes*

Bláber með hunangs-parfait og rúgbrauðshrauni *Blueberries with honey parfait and rye bread crumble*

Kremað súkkulaði með Bailey's ís og dökkri viskýsосу *Creamed chocolate with Bailey's ice cream and dark whisky sauce*

Matseðill / Menu **8.900 kr.**

Með völdum vínunum / With selected wines **17.500 kr.**

FOOD & FUN MATSEÐILL

Laxa tiradito *salmon tiradito*
Leche de tigre, steikt wonton deig, ristaðar pistasíur og sesamfræ *Leche de tigre, fried wonton, roasted pistachios and sesame seeds*

Leturhumar chevice

langostine chevice
Kóriander, habanero og sætar kartöflur *Cilantro, habanero and sweet potato*

Causa de langusta

Fjólubláar kartöflur, leturhumar og spicy mæjó *Purple potatoes, langoustine and spicy mayo*

Maki rúlla

maki roll
Sítrus marineruð bleikja, chili gulrót, mangó og jalapeno mayo *Citrus marinated arctic*

charr with chili carrot, mango and jalapeno mayo

Léttsaltaður þorskur bacalao

Papa seca, ólífuoía, garðablóðberg og hvítlaukur *Papa seca, olive oil, thyme and garlic*

Lambakóróna rack of lamb

Gulrætur, græntur, maís, kóriandermauk, hægeldaður hvítlaukur og aji amarillo mayo *Carrots, green beans, choclo, cilantro puree, garlic confit and aji amarillo mayo*

Lucuma mús lucuma mousse

Súkkulaði fudge, dulce de leche, möndlu crumble, thai basil og stökkt quinoa *Chocolate fudge, dulce de leche, almond crumble, thai basil and crispy quinoa*

Matseðill / menu: **8.500 Kr.**

Með sérvöldum vínunum / with selected wines: **15.400 Kr.**

APOTEK KITCHEN + BAR

Julian Medina



Einn heitasti matreiðslumaðurinn í New York í dag er Julian Medina og hann er mættur á Food & Fun í ár. Julian er eigandi hinna vinsælu og umtöluðu veitingahúsa Toloache, Toloache 82, Toloache Thompson, Coppelia og Tacuba Cantina Mexican sem öll eru staðsett í New York. Í rúmlega tvo áratugi hefur Julian verið að þróa fágaða latín-matargerð og hans helsti innblástur er eldamennska föður hans og afa sem eru frá Mexíkó.

Julian Medina er gestakokkur Apotek Kitchen + Bar á Food & Fun. Nánari upplýsingar á www.apotekrestaurant.is.

FOOD & FUN MATSEÐILL

Churro og hrogn, mexíkó crema *Churro and roe, mexican crema*

Sjávarþangsgrafin bleikja í jalapeño aguachile, súrmjólkur-miso, gúrka *Seaweed cured sea trout in jalapeño aguachile, buttermilk miso, cucumber*

Lamba-carpaccio, gerjaður hvítlaukur, kalabrísk chili-olía, dill-crema, engisprettur (valfrjálst)

Lamb carpaccio, black garlic, calabrian chili oil, Dill crema, grasshoppers (optional)

Kolkrabbi, achiote, brennt jarðskokkamauk, txistorra-vinagretta, radísur *Octopus, achiote, charred sunchoke purée, txistorra vinaigrette, radishes*

Hægmeyrnuð andabringa, dulce de leche gljái, þeyttar gulrætur, sveppir, yuzu kosho gastrique

Dry aged duck breast, dulce de leche glaze, whipped carrots, Mushrooms, yuzu kosho gastrique

Nautalund marineruð í mole, chipotle- og kaffi-barbecuesósa, vorlaukur, stökkar kartöflur *Mole rubbed beef fillet, chipotle and coffee barbecue sauce, Spring onion, crispy potatoes*

Dulce de leche, karamelluserað yuzu krem, hvítsúkkulaði mulningur, hibiscus marengs, blóðappelsínu-sorbet *Dulce de leche, caramelized yuzu cream and white chocolate crumble, Hibiscus meringue and blood orange sorbet*

Matseðill / menu: **8.500 Kr.**

Sérvalin vín með matseðli / selected wines with menu

Tosti asti prosecco
Barista chardonnay
Morande reserva pinot noir
Faustino v
Paul jaboulet muscat

Faustino cava
Morande gran reserva chardonnay
Spy valley pinot noir
Paul jaboulet crozes hermitage les jalets
Paul jaboulet muscat

Verð: **8.500 Kr.**

Verð: **11.500 Kr.**

ESSENSIA

David Fischer



David Fischer hefur komið víða við á ferli sínum, m.a. starfað á virtum veitingastöðum í París, Róm og Kaupmannahöfn. Eftir dvöl sína í Róm féll hann fyrir ítalskri matargerð og opnaði ítalskan veitingastað í Kaupmannahöfn sem heitir Hos David. Árið 2012 sigraði hann hina þekktu Olive Oil matreiðslukeppni í Bilbao á Spáni.

David Fischer er gestakokkur Essensia á Food & Fun. Nánari upplýsingar á www.essensia.is.

FOOD & FUN MATSEÐILL

Þorskgellur, guanciale-pylsa, eggjarauða, piparrót, sinnepsblóm

Antipasti

„Pizza“ með geitaosti, döðlum, tómötum og basil ítalskar skinkur, djúpsteyktur saltfiskur, brennt carpaccio marineruð fennikka í tóm- atvatni, með humar og kryddjurtum

Primi

Pasta með kartöflum, kræklingi, chili, steinseljumauki og creme fraiche

Secondi

Brassaður lambaháls í tahin-eggaldin sósu, hvítum baunum og frigitelli papriku

Dolchi

Ársgamall gráðaostur í linsubauna-valhnetu hjúpi jógúrt cassatta, þurrkaðir ávextir, hnetur, sítrusbörkur og karamellu-tiramisu

Heilsa & fegurð

24. febrúar 2017

KYNNINGARBLAÐ

Máttur íslensku hvannarinnar

SagaMedica er íslenskt þekkingarfyrtæki sem sérhæfir sig í rannsóknum á íslenskum lækningajurtum og framleiðslu á náttúruvörum úr þeim. Sigmundur Guðbjarnason, fyrrverandi háskólarektor og einn af stofnendum SagaMedica, hefur á yfir 25 árum rannsakað tugi íslenskra plantna. Af þeim hefur ætíðhönnin mestu lífvirknina. Voxis hálstöflurnar frá SagaMedica eru unnar úr hvönn.

Íslenska ætíðhönnin er uppistaðan í vörum SagaMedica en mismunandi hlutar plöntunnar innihalda efni með ólíka lífvirkni. Hvönnin hefur mikla sögulega þýðingu fyrir íslensku þjóðina enda hefur hún sem lækningajurt skipað stóran sess í samfélaginu allt frá landnámsstöð.

„Hvönnin sem SagaMedica notar er m.a. tínd í Hrísey sem er vistvænt vottuð. Framleiðsluaðferðir SagaMedica eru mjög náttúruvænar og endurspeglar vörulína fyrirtækisins hreinleika,“ segir Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir, markaðs- og sölustjóri.

SagaMedica framleiðir og markaðssetur vörur sínar beggja vegna Atlantshafsins ásamt því að hafa náð góðum árangri innanlands. „Sérfræðingar fyrirtækisins eru stöðugt að rannsaka og þróa nýjar afurðir sem stuðla að bættum lífsgæðum. Við höfum gegnum árin útvíkkað vörulínu okkar og á næstu dögum fara í umferð nýjar umbúðir og tegundir fyrir Voxis hálstöflurnar. Umbúðabreytingarnar eru í takt við breytingar sem gerðar voru á umbúðum annarra vörutegunda nú fyrir skömmu og hluti af nýrri samræmdri heildarhönnun á vörulínunni.“

Vinsælustu hálstöflurnar

„Voxis hálstöflurnar eru vinsælustu hálstöflur landsins skv. síðustu mælingum (Nielsen tölur, september 2016, Gallup á Íslandi). Töflurnar gagnast vel við kvefi og særindum í hálsi og mýkja röddina. Þær eru einstaklega bragðgóðar og slá í gegn bæði hjá stórum sem smáum en Voxis hálstöflurnar verða nú jafnframt fánlegar sykurlausar og sykurlausar með engifer. Við fáum mikið af þöntunum að utan en ferðamenn hafa margir hverjir fallið fyrir Voxis. Eins og aðrar vörur SagaMedica er Voxis framleitt úr hvönn og inniheldur einnig mentól. Til gamans má geta að nafnið Voxis þýðir íslensk rödd en „vox“ þýðir rödd á latínu og „is“ er að sjálfsögðu landskóði Íslands.“

SagaPro við ofvirkri blöðru

„SagaMedica býður fleiri áhuga-verðar vörur úr hvönn og er þar helst að nefna SagaPro við tíðum þvaglátum sem unnin úr laufum hvannarinnar. SagaPro hentur vel konum og körlum með minnkaða blöðru-rýmd og einkenni ofvirkrar blöðru. SagaPro getur bætt lífsgæði þeirra sem glíma við þetta al-



Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir er markaðs- og sölustjóri SagaMedica. MYND/ANTON BRINK

genga vandamál. Það hefur sýnt sig að SagaPro fækkar mjög salernisferðum jafnt að degi sem nóttu og bætir svefninn. Ákveðnir lífsstílhópar sækja einnig í auknum mæli í þessa vöru til að geta stundað áhugamál sín án vandkvæða, til að mynda golfarar, hlauparar, göngufólk og hjólríðafólk. SagaPro hefur verið á markaðnum síðan 2005 og er eitt mest selda bætiefni á Íslandi.“

Gagnast gegn pestum

„SagaVita er önnur vinsæl vara sem gagnast vel til að verja sig gegn vetrarpestum en auk þess finnst fólki SagaVita vera mjög orkugefandi og afköstin aukast. SagaVita er bæði fánleg í vökva- og töfluforni.“

Viðheldur heilbrigðu minni

„SagaMemo hefur góð áhrif á minni en sú vara er unnin úr fræjum hvannarinnar og blágresi. SagaMemo er notað af fólki sem vill viðhalda heilbrigðu minni.“

Vörur SagaMedica fást í apótekum, heilsubúðum og stærri matvöruverslunum um land allt.

Gissur Páll Gissurarson óperusöngvari

„Ég kynntist Voxis hálstöflunum fyrir nokkrum árum þegar ég söng á tónleikum með KarlaKór Reykjavíkur í Hallgrímskirkju og þeim var gaukað að mér. Ég varð strax mjög hrifinn af töflunum og þær virka vel. Kórþólk og söngvarar nota hálstöflur að staðaldri til að mýkja hálsinn og af öllu sem hægt er að nota eru Voxis hálstöflurnar alltaf fyrsta val hjá mér, einfaldlega vegna þess að ég vil ekki nota lyfjatengd efni í hálsinn á mér í miklu magni. Voxis töflurnar eru náttúruvara sem gerir manni einungis gott. Það er líka gaman þegar íslensk vara stenst öllu öðru snúning. Hvönnin er göldrött og mér finnst gott að vita til þess að hún er handtínd og unnin hér á landi. Ég reyni að eiga alltaf til pakka af Voxis í vasanum.“

Gissur Páll Gissurarson söngvari



LÆKNAR MÆLA MED HUSK!

NÁTTÚRULYF Á SÉRLYFJASKRÁ

Nattúrulegar trefjar sem halda meltingunni í góðu formi

E.BRIDDE ehf.
ehb@ebridge.is, www.ebridge.is

Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarþerapisti elskar Love drykkina, enda hollusta eftir hennar höfði, enginn viðbættur sykur eða sætuefni. Hreinir, lífrænnir, vegan og hlýir, dásamlegir! "SleepyLove er magnaður drykkur og hluti af minni kvöldrutínu, sérstaklega þegar mikið er í gangi. Sofum vel og hvílust."

Heldur líkamanum í góðu formi með Benecta

Benecta er fæðubótarefni unnið úr rækjuskel sem stuðlar að verndun veifa og uppbyggingu stoðkerfis. Benecta styður við nattúrulega viðgerðafærla í líkamanum og getur þannig aukið hreyfigetu.

Valtýr Sigurðsson
Fyrirverandi ríkissaksóknari

„Langtímaálag og gömul bakmeiðsli voru farin að plaga minn 71 árs gamla líkama þegar ég uppgötvaði Benecta. Eftir tveggja vikna inntöku á fæðubótarefninu skeyndi ég mikla breytingu“

Benecta
- fyrir betri líðan

Fæst í apótekum, í Heilsuhúsinu og í Perform.is

2 MARAÐON NOW

3 MÍN AÐ SKRÁ SIG DAGAR FRÍTT

2now.is

Engin karamelluhúðuð Pollyönnufræði

Andrea Róbertsdóttir starfaði sem mannauðsstjóri RÚV en ákvað fyrir nokkru að demba sér í nám í jákvæðri sálfræði sem hún segir nauðsynlega nálgun fyrir síbreytileg samfélög og einstaklinga sem vilji blómstra.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



„Glaðsýni getur vanist vel, get ég sagt þér, og gleði getur verið fagmennska. En til að ég gæti haldið áfram að fullyrða slíkt ákvað ég að skrá mig í meistaranám í jákvæðri sálfræði, kafa þar í niðurstöður rannsókna til að rökstyðja fullyrðingarnar,“ segir Andrea og útskýrir að jákvæð sálfræði sé þverfagleg, vísindaleg nálgun sem hafi það markmið að efla rannsóknir á jákvæðum hliðum mannsins eins og styrkleika, vellíðan og hamingju.

„Þetta er ekki eitthvert hókuspókus og „allir saman – nú prumpum við glimmeri!“ Það er mikill misskilningur að jákvæð sálfræði sé karamelluhúðuð Pollyönnufræði sem gangi út á að vera alltaf jákvæður og glaður. Svo er ekki, því hvert ástand kallar að sjálf-sögðu á viðeigandi tilfinningar og það er mikilvægt að gangast við öllum tilfinningum sínum. Annað er galið því stundum er kolvitraust gefið í lífinu. Hugur okkar hallast að því neikvæða og mikilvægt er að vera meðvitaður um þessa neikvæðu slagsíðu,“ segir Andrea og bætir við að jákvæð sálfræði hafi hjálpað sér mikið persónulega. „Til dæmis við að finna jafnvægi, taka mark á líkama mínum, leiðrétta hugsanaskekkjur, velja mér baráttur af nákvæmni og tileinka mér sjálfsvinsemd svo eitthvað sé nefnt.“

Hvað gerir venjulegt líf innihaldsríkara?

Andrea segir jákvæða sálfræði eiga sér stutta sögu en langa fortíð. „Um síðustu aldamót sást vel svart á hvítu að fókusinn var á það sem var að og hvað við vorum að gera rangt ef svo má að orði komast. Í grófum dráttum má segja að það vantaði rannsóknir á því sem var gott, það sem gengur vel og það sem skarar fram úr. Það var því farið í að skoða og greina hvað gerir venjulegt líf innihaldsríkara en hugmyndafræði jákvæðrar sálfræði leggur áherslu á mikilvægi þess að rannsaka og vinna með styrkleika fólks og það sem gefur lífinu gildi. Áhersla er lögð á að hjálpa einstaklingum að finna tilgang, njóta lífsins og „blómstra“ í lífinu í stað þess eingöngu að hjálpa honum að losna við vanda-mál.“

Hún segir spennandi að fylgjast með þróun heilsueflandi samfélaga og að einnig sé unnið að því að koma hugsuninni inn í skóla-kerfið. „Aðalnámskrá segir að við eigum að kenna hamingju og velferð. Í því felast fjölmörg tækifæri til að hjálpa ungu fólki á öllum aldri að sjá heildarmyndina, víkka sviðið til að auka skilning þess á tilvist og sambandi þess við umheiminn. Það er mikilvægt að móta stefnu sem stuðlar að aukinni vellíðan. Heilsa, vellíðan og heilbrigðismál verða að vera inni á radarnum og einnig að gera sér grein fyrir að aukinn hagvöxtur er ekki besti mælikvarði hamingjunnar.“



Andrea Róberts starfaði sem mannauðsstjóri RÚV en stundar nú nám í jákvæðri sálfræði. MYND/GVA

Jákvæð sálfræði í daglegu lífi

Andrea segir viðhorf fólks skipta miklu máli þegar tekist er á við áskoranir daglegs lífs. „Við höfum mismikla stjórn á þáttum lífsins en það er hægt að takast á við mótlæti á uppbyggjandi hátt og vaxa. Síðan eru ýmsar aðferðir í boði til að fá tilfinningu fyrir því sem gerir okkur gagn eða ógagn. Við getum gert núvítundaráfingar, hugleitt, skannað líkamann með léttum aðferðum og tileinkað okkur einfalda hluti eins og að anda djúpt og tryggja matinn. Það þarf ekki að flækja lífið með alls konar græjum sem fylgja tiskustraumum og almennum umhverfissóðaskap og flækjustigi. Ég hugleiddi til dæmis í göngutúrum og nýti djúþöndun þegar ég verð stressuð, aftengd og hætti að kunna að meta einfaldleika lífsins. Súrefni er mjög gott stöf eins og við vitum.“

Leið til að vinna gegn streitu

Jákvæð sálfræði hefur talsverða tengingu við núvítund. „Ágæti núvítundaráfinganna er orðið vel þekkt og niðurstöður sýna að núvítund bætir minni og athygli, hefur jákvæð áhrif á ónæmiskerfið og er

öflug leið til að vinna gegn streitu og kortleggja líðan sína.“ Andrea bendir á að verkfærakista jákvæðrar sálfræði rúmi fjölmargt og tekur jákvæð inngríp eins og markvissa vinnu með þakklæti sem dæmi um gagnlega aðferð sem dragi úr þunglyndiseinkennum og auki hamingju. „Nýjar viddir opnast líka hjá fólki sem fer að vinna með styrkleika sína í leik og starfi.“

Fyrir stjórnendur í krefjandi vinnuumhverfi nútímans

Andrea segir aðferðir jákvæðrar sálfræði ýta undir jákvæða hegðun á vinnustöðum, bæta samskipti meðal starfsfólks og auka vellíðan. „Mín stjórnendareynsla er góð þegar kemur að því að nota jákvæða sálfræði til að auka veltun og vellíðan í vinnuumhverfi nútímans. Undir öruggri leiðsögn er hægt að styðja við það góða, hvetja á umhyggjusaman hátt og fægja þannig fyrirtækja-braginn á sama tíma og reksturinn helst hallalaus. Þetta er að sjálf-sögðu margþætt og snýst oft um forgangsröðun. Hamingja og velferð er ekki eitthvert álegg ofan á brauð – það er á hreinu!“



PRÓFAÐU LÍKAMSKREMIÐ SEM ALLIR ERU AÐ TALA UM

SPA OF THE WORLD™
HAWAIIAN KUKUI KREMIÐ
FRÁ THE BODY SHOP
VAR VALIÐ BESTA RAKAKREMIÐ
FYRIR LÍKAMANN
AF TÍSKUTÍMARITINU ELLE



THE BODY SHOP®

KRINGLUNNI • SMÁRALIND • GLERÁRTORGI

Styrkurinn kemur fljótt

Þórdís Daníelsdóttir kennir Lyru eða loftfímleika hjá Erial Pole. Hún var sjálf að æfa Lyru en leiddist út í kennslu og finnst frábært að geta starfað við áhugamálið. Hún segir iðkendur öðlast mikinn styrk samhliða því að læra alls kyns kúnstir og að margir finni mun á milli tíma.

Vera Einarsdóttir
vera@365.is



Þórdís æfði fímleika hjá Gerplu frá átta ára til sautján ára aldurs en hætti sökum meiðsla í baki. Hún var í sjúkraþjálfun um tíma en haustið 2014 langaði hana að fara að æfa á ný. „Mig langaði prófa eitthvað nýtt og fór í pole fitness. Í lok námskeiðsins var boðið upp á prufutíma í Lyru, sem er kennd á sama stað. Ég hafði enga hugmynd um hvað það var en heilladist strax. Í kjölfarið skipti ég yfir í Lyru og hef æft hana síðan.“

Með tímanum fór Þórdís að hlaupa í skarðið fyrir Lyru-kennarann sinn og í febrúar í fyrra var hún beðin um að taka að sér hluta kennslunnar. Þórdís, sem er á tuttugasta aldursári, segir gaman að fá tækifæri til að starfa við sitt helsta áhugamál „Mér finnst líka mjög skemmtilegt að geta miðlað af reynslu minni til annarra og sjá nemendur taka framförum.“

Lyra er í raun loftfímleikar þar sem iðkendur gera æfingar og kúnstir í misstórum hringjum sem hanga í loftinu. Kúnstirnar er svo hægt að tengja saman í rútínu eða eins konar dans. Byrjendur þurfa að sögn Þórdísar hvorki að búa yfir liðleika né styrk og æfingarnar henta fólki á öllum aldri. „Styrkurinn er hins vegar fljótur að koma og flestir finna mikinn mun á sér strax eftir fyrsta námskeið, enda talsvert áttak að komast upp í hringina, halda sér þar og gera kúnstir. Ég myndi því segja að þetta væri mjög góð líkamsrækt,“ segir Þórdís.

Helsti kostur Lyru er að sögn Þórdísar hversu hratt iðkendur byggja upp styrk. „Fólk finnur oft mun á sér

á milli tveggja tíma. Hún segir iðkendum stundum finnst ófyrstíganlegt að ná tilteknu „trikki“ en fimm æfingum síðar er það komið. „Íþróttin reynir á alla vöðva líkamans án þess að fólk sé að spá í það sérstaklega og allt í einu eru það komið með þann styrk sem þarf.“


Þórdís segir Lyru fyrir alla, konur jafnt sem karla. Hún segir iðkendur með mjög mismunandi bakgrunn. Sumir hafa verið mikið í íþróttum og aðrir ekki. „Ég hef bæði verið með stráka og stelpur og fólk upp í fimmtugt sem hefur náð svakalegum árangri.“

En er þetta hættuleg íþrótt? „Nei, ég myndi ekki segja að þetta væri hættulegra en annað. Auðvitað er

hægt að slasast í Lyru eins og öðru en það er mjög sjaldgæft að iðkendur detti úr hringjunum. Þeir byggja upp getuna jafnt og þétt og hafa náð upp nauðsynlegum styrk og liðleika þegar þeir eru farnir að komast upp í hringina með auðveldum hætti. Þeir gera svo ekki erfiðari kúnstir en líkaminn ræður við hverju sinni.



MYND/MARINÓ FLÓVENT



Þórdísi finnst gaman að miðla af reynslu sinni og sjá nemendur taka framförum. MYND/STEFÁM

Æfingarnar henta fólki á öllum aldri og iðkendur hafa mismunandi bakgrunn. MYND/STEFÁM



Þórdísi finnst skemmtilegast að læra nýjar kúnstir, tengja saman í rútínu og sýna. MYND/NINA REED

Sjálfri finnst Þórdísi skemmtilegast að læra nýjar kúnstir, tengja saman í skemmtilega rútínu og sýna, en reglulega eru haldnar sýningar í Erial Pole. „Einu sinni tók ég líka þátt í Great Gatsby sýningu í Gamla bíói sem var mjög skemmtilegt.“ Hún segir erfiðara en margur heldur að sýna fimm mínútna rútínu en alltaf jafn gaman.

Þórdís er í MR og stefnir á að útskrifast af náttúrufræðibraut 1 í vor. Hún stefnir á háskólanám og hefur mestan áhuga á líffræði. „Ég er þó ekki búin að ákveða neitt og ætla að byrja á fara í heimsreiðu með kærastanum mínum. Ég ætla svo að sjálf-sögðu að halda áfram að sinna Lyr- unni enda með því skemmtilegra sem ég geri.“

Rokkstjarna jógganna – Krishna Das

Krishna Das heldur kirtan-tónleika í Norðurljósasal Hörpu á sumarsólstöðum þann 21. júní.

Krishna Das hefur fært jógatónlistina út úr jógasölunum og inn í tónlistarhallirnar og er orðinn þekktur sem rokkstjarna jógganna. Marga hefur lengi dreymt um að fara á tónleika með honum og nú gefst tækifærið því Krishna Das hefur ákveðið að koma til Íslands á tónleikaferð sinni Kirtan Wallah Europe Tour 2017.

Kirtan Wallah þýðir sá sem kyrjar eða „the one who chants“.

Krishna Das var nemandi andlega kennarans Ram Dass og hitti svo meistaran sinn, Neem Karoli Baba eða Maharaj-ji, á Indlandi þegar hann var ungur maður. Maharaj-ji sagði honum að fara aftur til Ameríku og þjóna fólki og Krishna Das fann leiðina til þjónustu í gegnum tónlistina. Möntrurnar hans snerta innsta streng í hjarta hlustandans og áhrifin verða enn sterkari við það að

» Krishna Das hefur fært jógatónlistina út úr jógasölunum og inn í tónlistarhallirnar og er orðinn þekktur sem rokkstjarna jógganna. Hann mun spila í Hörpu þann 21. júní nk.

syngja eða kyrja með honum.

Krishna Das spilar á harmóníum og með honum er slagverksleikarinn Arjun. Miðasala er hafin á harpa.is og tix.is. Í boði er að sitja í sæti eða á eigin púða á gólfinu.



Krishna Das heldur kirtan-tónleika í Norðurljósasal Hörpu 21. júní.



Veldu með hjartanu

100% vegan hárvörur frá Maria Nila

Regalo kynnrir sænsku gæðahárvörurnar Maria Nila. Þær eru hundrað prósent vegan, súlfat- og parabenfrjár. Maria Nila hefur fengið viðurkenningu frá Leaping Bunny, PETA og The Vegan Society.

„María Nila er sænskt fjölskyldu-fyrirtæki með fjörutíu ára far-sæla sögu. Upphafið og nafn fyrirtækisins má rekja til ömmunnar Mariu Nilu sem bjó í norðurhluta Svíþjóðar og bjó til sínar eigin náttúrulegu sápur,“ útskýrir Fríða Rut Heimisdóttir, eigandi Regalo ehf. sem flytur vörurnar inn.

Hún segir Maria Nila afar vinsælt meðal hárgreiðslumeistara um allan heim enda bjóði Maria Nila upp á afar breiða línu af einstökum hárvörum sem verji bæði lit og heilbrigði hársins án þess að



Fríða Rut Heimisdóttir, hárgreiðslumeistari og eigandi Regalo.

nota efni sem hafa slæm áhrif á umhverfi og dýravelferð.

„Vörurnar eru 100 prósent vegan. Þær eru súlfat- og parabenfrjár og framleiddar í verk-smiðju Maria Nila í Helsingborg í Svíþjóð,“ segir Fríða. Með því að nota eigin verk-smiðju segir Fríða að hægt sé að fylgjast betur með ferlinu frá upphafi til enda og ganga þannig úr skugga um

Vörur Maria Nila fást á öllum betri hárgreiðslustofum um land allt. Nánari upplýsingar á regalo@regalo.is

að vinnuáðstæður séu með besta móti og að gæði vörunnar séu fullkomin. „Með ástríðu og vandvirkni að leiðarljósi velja þróunarstjórar og efnafraeðingar fyrirtækisins þau innihaldsefni sem síðan eru notuð í vörurnar.

Markmið fyrirtækisins er að vinna ávallt í átt að enn

umhverfisvænni vörum,“ segir Fríða en Maria Nila hefur meða annars fengið viðurkenningu frá Leaping Bunny, PETA og The Vegan Society.

Facebook: [Regalo ehf Iceland](https://www.facebook.com/regalo.is)
www.marianila.com Snapchat: [regalofagmenn](https://www.snapchat.com/add/regalofagmenn)



Ólíkar meðferðir fyrir ólíkar hártægundir

Ólíkar hártægundir þarfnast ólíkar meðferðar. Hver flokkur er styrktur með sérstökum innihaldsefnum sem tryggja einstök gæði. Á þennan hátt eru uppfylltar kröfur bæði til hárgerðar og litar. Allar vörurnar eru lausar við bæði súlfat og paraben.

HEAD AND HAIR HEAL vinnur á og kemur í veg fyrir flösu og önnur vandamál í hársverðinum, vinnur á hárlösi og örvar hárvöxt. Virk innihaldsefni sem vinna á flösu eru: aloe vera, piroctone olamine og E-vítamín.

SHEER SILVER er sérstaklega

búið til fyrir ljóst, grátt og silfr- að há. Fjólubláar litaagnir vinna á móti gulum tóni auk þess sem liturinn fölnar síður og verður líflegri.

LUMINOUS COLOUR inniheldur andoxunarefni úr granateplum og er fyrir þá sem er virkilega ann t um lit hársins og gljáa.

STRUCTURE REPAIR inniheldur styrkjandi þörungum sem mykja og endurbyggja skemmt og þreytt há.

TRUE SOFT er byggt á arganolíu sem endurvekur raka hársins og

lífgar við þreytt og brothætt há.

PURE VOLUME inniheldur B5-vítamín og er sérstaklega framleitt fyrir þá sem leita eftir aukinni lyftingu og styrk.

Allar vörurnar í **Maria Nila Care** línunni innihalda **Colour Guard Complex**, blöndu af virkum innihaldsefnum sem vinna saman að því að veita hámarksvernd fyrir lit hársins og gljáa þess. Blandan tryggir einnig að vörurnar vernda hárið fyrir hita, endurbyggja það og færa því aukinn gljáa.



Colour Refresh

Maria Nila Colour Refresh er mildur hármaski með litaögnum sem virka í skamman tíma. Með því að nota Colour Refresh má á auðveldan hátt annaðhvort gera hárlitinn skarpari eða breyta honum. Liturinn endist í allt að 10 þvotta og fer smám saman úr. Útkoman veltur á ástandi hársins og mun verða betri eftir því sem hárið er gljúpara. Tvö þör af gæðahönskum fylgja maskanum.

MASKINN HENTAR

- Þeim sem vilja endurlífga litað há sitt.
- Þeim sem vilja prófa nýjan hárlit en eru ekki tilbúnir að lita hárið varanlega.
- Þeim sem vilja breyta hárlit sínum í afmarkaðan tíma.



Style & Finish

Maria Nila Style & Finish er lína af hármótandi vörum sem vernda lit hársins og inniheldur allt sem fólk þarf til að öðlast þá tilfinningu og yfirbragð sem það óskar. Allar vörurnar eru lausar við paraben og súlfat, innihaldsefnin eru öll vegan og umbúðirnar eru umhverfisvænar. Í línunni eru þrenns konar ólík sprej sem veita allt frá mjúku haldi til sérlega stífs halds – *Styling Spray*, *Finishing Spray* og *Extreme Spray*.

Lyfting og rétt tilfinning næst með áferðarvörum Maria Nila – *Volume Spray*, *Styling Mousse*, *Dry Shampoo* og *Salty Mist*. Einnig eru í boði þrenns konar krem – *Cream Heat Spray*, *Styling Cream* og *Salty Cream*.

ÞESSAR VÖRUR ERU GLÚTENFRÍAR

Styling Mousse, Dry Shampoo, Salty Cream, Cream Heat Spray, Finishing Spray, Extreme Spray, Styling Spray, Volume Spray, Salty Mist, Heal Shampoo, Heal Conditioner, Heal Masque, Luminous Colour Hair Lotion, True Soft Argan Oil

Hrein húð er óvarin fyrir kulda

Góð húðumhirða eru grunnurinn að fallettri förðun að sögn **Kristínar Stefánsdóttur** förðunarmeistara. Best sé að koma sér upp einfaldri hreinsirútínu á kvöldin og fara aldrei út úr húsi án farða. Þannig sé húðin varin fyrir kulda og bakteríum. Hún segir óþarfa að flækja hlutina um of.

„Ég segi alltaf „less is more“. Við erum að nota of mikið af kremum sem eiga öll að hafa ólíka virkni. Venjuleg starfsemi húðarinnar á að geta séð um að næra húðina en við eigum að hjálpa til þegar upp á vantar. Til þess að fá fallega förðun er þó grundvallaratriði að næra húðina vel,“ segir Kristín Stefánsdóttir, förðunarmeistari hjá NN Make Up Studio í Garðabæ.



Kristín Stefánsdóttir

Í köldu veðri þurfi sérstaklega að huga vel að næringu húðarinnar og þá skipti máli að nota krem sem hentar húðgerðinni.

„Góð regla er að fá sýnishorn af kremum til að prófa en fjárfesta ekki strax í heilli krukku sem reynist svo ekki vel. Það þýðir heldur ekki að kaupa eitthvað sem vinkonan mælti með því það er alls ekki víst að það sama henti þinni húðgerð. Sniðugast er að panta tíma hjá fagaðila, fara í andlitsþað og láta dekra við húðina og fá leiðbeiningar um gott krem og þrúfur. Þegar rétt krem er fundið á svo að nota það bæði kvölds og morgna.“

Einföld kvöldrútína

„Á kvöldin ætti að hreinsa andlitið með hreinsikremi sem nær bæði augnmálningunni og farðanum af. Ég nota sjálf aldrei bómull til að strjúka farðann þar sem hún þurrkar húðina. Betra er að nota þvottapoka, fjárfesta bara í sæmilegum bunka og nota einn fyrir hvert kvöld. Nota ætti kalt vatn til að skrúbba andlitið. Ef fólk freistast til að nota einnota hreinsiklúta, til dæmis á ferðalögum, ætti að þvo andlitið vel með köldu vatni á eftir. Efnin úr klútunum þurrka húðina og þau þarf að skola af. Loks ætti að bera krem á hreint andlitið fyrir nóttina. Þeir sem vilja nota augnkrem ættu að geyma



Með hækandi sól verður förðunin léttari. Kristín segir sterka og bjarta varaliti verða áberandi í vor og sumar. Mattir varalítir halda vinsældum sínum eitthvað áfram. Minni áhersla verður á augnförðun, einungis maskari og augnblyantur.

”Krem fara inn í húðina á nokkrum mínútum og eftir það er húðin óvarin. Með léttum farða nær húðin að halda inni raka og verjast utanaðkomandi áreiti.

Kristín Stefánsdóttir

það í ísskápnum, bera það svo á að kvöldi til að minnka þrota og bólgu,“ útskýrir Kristín.

Hún ráðleggur einnig að nota farða á hverjum degi. Hrein húð sé berskjölduð fyrir kulda og bakteríum.

„Krem fara inn í húðina á nokkrum mínútum og eftir það er húðin óvarin. Með léttum farða nær húðin að halda inni raka og verjast utanaðkomandi áreiti og þannig minnka einnig líkurnar á að þurrkublettir myndist og æðaslit.“

Léttari förðun í sumar

Sterkir og bjartir varalítir og léttari augnförðun verður áberandi í sumar að sögn Kristínar. Mattir varalítir munu halda vinsældum sínum og jafnvel einhverjir dökku tónanna sem hafa verið áberandi í vetur eins og fjólublár. „Á augun verður það bara maskari og eyelinerlína jafnvel í lit,“ segir Kristín. „Til okkar í NN Make Up Studio er alltaf hægt að koma og fá ráðgjöf varðandi förðun og húðumhirðu.“



Kristín mælir með þvottapokum í stað bómullarskífa til að hreinsa farða af andlitinu. Bómullin þurrki húðina.

Velvet smooth línan frá Scholl

Velvet smooth tækin frá Scholl auðvelda umhirðu fóta.

„Hörð húð er eitt algengasta fótavandamál sem fólk glímir við. Hörð húð getur valdið óþægindum og með tímanum valdið miklum sársauka ef ekkert er gert til að fjarlægja hana. Regluleg fótumhirða dregur úr myndun á harðri húð og kemur í veg fyrir að fæturnir verði fyrir óþægindum,“ segir Magðalena S. Kristjánsdóttir, vörumerkjastjóri hjá Halldóri Jónssyni, en heildsalan hefur umboð fyrir frábærar vörur frá Scholl sem auðvelda fótumhirðu.

„Velvet smooth línan frá Scholl býður upp á nokkur tæki. Fyrst má nefna rafknúna fótahjól sem fjarlægir harða húð á fótunum með þægilegum og öruggum snúningshaus. Tækið er auðvelt í notkun og án mikillar fyrirhafnar getur þú fengið silkimjúka fætur heima í stofu,“ segir Magðalena. Hún bendir einnig á Velvet smooth Wet and dry sem má nota á vöta og þurra fætur. „Tækið er vatnshelt og því

mögulegt að fjarlægja harða húð þegar maður er í sturtu. Tækið er endurhlaðanlegt og þráðlaust.“

Í Velvet smooth línunni er einnig að finna rafknúna naglabjól fyrir fætur og hendur. „Með rafknúnu naglabjólunni geturðu annast fingur- og tåneglur með auðveldum hætti. Með tækinu fylgja þrjár mismunandi hausar sem slípa, pússa og fægja og gera neglurnar skínandi fallegar,“ útskýrir Magðalena. Hún segir að fyrir hámarksárangur sé best að bera nærandi naglólíu á neglurnar sem byggja á einstakri formúlu með sjö olíum, sætri möndluolíu, hörfræolíu, apríkósukjarnaolíu, avókadólíu, arganolíu, sheahnætuolíu og sólblómaolíu auk E-vítamína. „Þessi einstaka blanda styrkir neglur og naglabönd og eykur raka.“

Scholl Velvet smooth tækin fást í apótekum, Elko, Fjarðarkaupum, Hagkaup og Krónunni.



